

PERLA RÓS ÁRNADÓTTIR

Langar að eiga heima í Vík og vera prinsessa

börn bílar ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HÚSBYGGJANDINN

Listaverk á daginn, arinn á kvöldin

Sérblað um hús, heimili og byggingar FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europpris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

7. nóvember 2007 – 303. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Ritdómur

Ný skáldsaga eftir Jón Kalman Stefánsson, Himnaríki og helviti, komin út.

MENNING 26



Í töfrabirtu

Einar Már Jónsson skrifar um nýjan veruleika og skáldlegri sem honum auðnaðist að upplifa um stundarsakir.

Í DAG 20

Hannaði frakka á Wesley Snipes

Fatahönnuðurinn Edda Skúladóttir er flutt heim frá Hollywood og hennar nú kjól á Ragnhildi Steinunni.


FÓLK 28

Veisla á Anfield

Hagur Liverpool í Meistaradeildinni vænkaðist til muna í gærkvöldi þegar liðið slátraði Besiktas á heimavelli sínum.

ÍPRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



RÓLEGHEIT Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Skýjað með köflum og úrkomulítið. Þykkar upp og fer að rigna sunnan til síðdegis með heldur vaxandi norðaustanátt. Hiti nálægt frostmarki nyrðra en hiti 2-6 stig syðra.

VEÐUR 4

Ráðist til atlögu gegn íslenskum vefræningjum

Framkvæmdastjóri samtaka rétthafa tónlistar á Íslandi vill láta loka Istorrent-vefnum. Samtökin hafa kært forsvarsmenn vefjarins fyrir ólöglega dreifingu á tónlist. Framkvæmdastjóri Istorrent ehf. segist ekkert kannast við málið.

LÖGREGLUMÁL Samtönn, samtök allra rétthafa tónlistar á Íslandi, hefur lagt fram kæru gegn forsvarsmönnum Istorrent-vefjarins. Ástæðan er ólögleg dreifing á efni með hjálp síðunnar, segir Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri samtakanna.

„Við erum samtök sem stöndum vörð um rétt höfunda, flytjenda og framleiðenda, og þessi dreifing er í leyfisleysi,“ segir Gunnar. „Ef þú kaupir þér plötu úti í búð máttu búa til afrit fyrir sjálfan þig, í bústaðinn eða bílinn, en þú mátt ekki gera afrit til að senda öðrum í gegnum netið.“

Hann segist ekki vilja tjá sig um bótakröfur á þessu stigi. „Við viljum aðallega stöðva þessa starfsemi,“ segir hann. „Það eru gífurlega margir höfundar sem koma hér að máli, það sést þegar maður skoðar framboðið á síðunni.“

Með hjálp Istorrent-vefjarins má nálgast efni eftir íslenska tónlistarflytjendur á borð við Sprengjuhöllina, Nýdönsk, Sálina hans Jóns míns og Megas. Vefinn nota yfir tuttugu og fimm þúsund manns.

Arnþrúður Þórarinsdóttir, lögfræðingur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að fleiri en eitt mál séu til umfjöllunar hjá

þeim vegna Istorrent-vefjarins. Aðspurð hvort Samtönn hafi lagt fram kæru gat hún ekki staðfest það að svo stöddu.

„Ég hef ekkert heyrt um þessa kæru,“ segir Svavar Lúthersson, framkvæmdastjóri Istorrent ehf. sem á og rekur samnefndan vef.

Gunnar hjá Samtóni segist hafa sent Svavari bréf þar sem hann er beðinn um að fjarlægja efnið af síðunni en því hafi ekki verið sinnt. Sjálfur segist Svavar ekki kannast við að hafa fengið slíkt bréf. „Það væri ágætt ef þeir myndu framvegis reyna að hafa almennileg samskipti við okkur.“ - sfs / sjá síðu 30

Heba Þórisdóttir:

Útnefnd sú besta í Hollywood

FÓLK Heba Þórisdóttir förðunar-sérfræðingur hefur verið valin best í sínu fagi í Hollywood af bandaríska tískutímaritinu WWD-Beauty. Hún mun vinna með stórleikkonunni Scarlett Johansson við næstu tvær myndir hennar, He's Just Not That Into You og The Spirit.



HEBA ÞÓRISDÓTTIR

Þetta verða sjötta og sjöunda myndin þar sem Heba starfar með Scarlett en frá því þær unnu saman fyrst við kvikmyndina The Island hefur Heba farðað Scarlett í flestum hennar myndum. - fgg / sjá síðu 38



SAFNA FYRIR VATNSBÓLUM Rúmlega þrjú þúsund fermingarbörn, úr 67 sóknum í öllum landshlutum, hafa verið að safna peningum til Hjálparstarfs kirkjunnar. Krakkarnir hófu söfnunina í gær og halda henni áfram í dag. Þetta er í níunda sinn sem söfnunin er haldin en í fyrra söfnuðust um sjö milljónir króna. Fermingarbörn í Grafarvogi hlökkðu til að leggja góðu málefni lið eins og sjá má á myndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



JACKIE BIBBY í fyrra setti Bibby heimsmet þegar hann hélt tíu skröltormum á lofti í einu með því að bíta í halann á þeim.

Sérstakt heimsmet slegið:

Í baði með 87 skröltormum

BANDARÍKIN, AP Texasbúinn Jackie Bibby setti heimsmet á mánudag þegar hann sat fullklæddur í baðkari ásamt 87 skröltormum í 45 mínútur. Bibby sló með þessu fyrra heimsmet sem hann setti sjálfur með 75 skröltormum.

Skröltormarnir liðuðust í kringum Bibby í baðkarinu en enginn beit hann. „Galdurinn er að vera grafkyrr. Snöggar hreyfingar hræða skröltorma. Ef maður hreyfir sig lúshægt og varlega virðist það ekki trufla þá.“ - sdg

Velta íslenskra listaverka á uppboðum hefur aldrei verið meiri:

Ársveltan komin í 146 milljónir

VIÐSKIPTI Veltan hér á uppboðsmarkaði með listaverk er meiri það sem af er ári en var allt árið í fyrra. Þó eru enn eftir tvö stór uppboð fyrir jól, annað hjá Gallerí Fold og hitt hjá Arnason & Andonov.

Velta á uppboðum með listaverk nemur nú rúmum 146 milljónum króna. Í fyrra var heildarveltan 112 milljónir. Tölurnar má lesa úr íslensku listaverkavísitölunni sem fyrirtækið Hansen og synir ehf. heldur utan um.

Frá árinu 2005 hefur meðalverð seldra listaverka á uppboðum rokið upp. Í fyrra var meðalverð seldra verka á uppboðum 178.911 krónur. Það sem af er

þessu ári er meðalverðið 345.361 krónur. Verkum í sölu fjölgaði líka töluvert í fyrra. „Með hækkandi verði koma fleiri verk í sölu, það helst dálítið í hendur. Umfangið á listaverkamarkaðnum hefur því aukist bæði í fjölda verka og krónutölu,“ segir Jóhann Ágúst Hansen listaverkasali sem á Hansen og syni ehf. Þá hefur verð á íslenskum verkum sem seld eru á uppboðum erlendis einnig hækkad verulega á árinu. Til dæmis var olíumyndin Hvítasunnudagur eftir Kjarval slegið íslenskum fjárfesti á rúmar fimmtán milljónir króna á uppboði hjá Bruun Rasmussen í Danmörku í byrjun ársins.

- óka / hhs / sjá Markaðinn

next bæklingur

Fylgir fréttablaðinu í dag

NÝR OLYMPUS Taktu myndir í kafi!

Vatnsfeld niður á 3 metra Höggjeld
7.1 milljón pixlar
3x aðrattarlinsa (38-114 mm)
Stór 6.4 cm (2.5") LCD skjár
Videoupptaka með hljóði
Verð: 29.900 kr.

ORMSSON
ELLEFU VERLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

JUST 4 KIDS

OPNAR EFTIR

3

DAGA!

SPURNING DAGSINS



Stefán, gerir þú enga athugasemd við allar þessar athugasemdir?

„Fólk er greinilega vakandi, það er mín athugasemd.“

Það stefnir í að athugasemdir til Skipulagsstofnunar vegna Bitruvirkjunar verði fleiri en bárust vegna Kárahnjúkavirkjunar árið 2001. Íslandsmetið í athugasemdum gæti því fallið. Stefán Thors er skipulagsstjóri ríkisins.

Launauppbót til lögreglumanna eykur bjartsýni á fjölgun í lögregluliði:

Menn hættir við að hætta

LAUNAMÁL „Það eru dæmi um að menn hafi komið til baka, en það er erfitt að draga ályktun af ákvörðun hvers og eins, allt er þetta einstaklingsbundið,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, spurður um hvort launauppbót til lögreglumanna sé farin að skila sér í auknum mannafla.

Lögreglumenn fengu 30.000 krónur ofan á laun sín um síðustu mánaðamót og fá mánaðarlega þá upphæð það sem eftir lifir samningstímans. Óvenjumið hafði verið um uppsagnir lögreglumanna á árinu og var launauppbótin ætluð til að reyna að snúa þeirri þróun við.

„Ég held að lögreglumenn almennt hafi tekið þessari ákvörðun mjög vel og skilji hana eins og á að skilja hana að mínu mati,“ útskýrir lögreglustjóri. „Þetta var ákvörðun stjórnvalda til þess að tryggja að sú þróun sem var hafin héldi ekki áfram. Enn er



STEFÁN EIRÍKSSON Kveðst hafa jákvæða tilfinningu fyrir áhrifum launauppbótanna.

þó of snemmt að dæma um áhrifin, en ég hef jákvæða tilfinningu fyrir þeim.“

Stefán segir vaktir lögreglumanna nú meðal annars mánnaðar með þeim 35 nemum úr Lögregluskólanum sem séu í starfsþjálfun. Mannskap vanti enn í rannsóknardeildir og á fleiri stöðum. Fjöldi þeirra sem vanti hlauði á einhverjum tugum.

- jss

Frumvarp um kjarasamninga:

Segja félagafrelsi vera brotið

ALÞINGI Fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokks segja stjórnarskrána þröðvotna í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þeir hafa lagt fram frumvarp þess efnis að starfsmenn sem kjósa að standa utan stéttarfélagsgjöld.

„Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélagsgjöld með því að gerast félagi, þar sem hann er búinn að greiða fyrir hana,“ segir Pétur Blöndal, sem er einn flutningsmanna frumvarpsins.

Frumvarpið hefur áður verið lagt fram sex sinnum, en aldrei hlotið afgreiðslu úr nefnd.

- sgi

Könnun Neytendasamtaka:

Margfaldur verðmunur hjá tannlæknum

NEYTENDAMÁL Rúmlega fjórfaldur verðmunur er á einstökum aðgerðarliðum tannlækna, samkvæmt verðkönnun Neytendasamtakanna sem gerð var í september. Öllum starfandi tannlæknum, 226 að tölu, var sent bréf ásamt eyðublaði þar sem þeir voru beðin að skrá verð fyrir þrettán aðgerðarliði. 142 svöruðu.

Mesti verðmunurinn í aðgerð sem allir tannlækna framkvæma var í útdrætti tannar með fulla festu. Þar sem ódýrast er kostur sá aðgerð 3.476 krónur en 15.800 krónur þar sem þjónustan er dýrust.

- sps

SJÁVARÚTVEGUR

Loðnuvinnslan umhverfisvæn

Loðnuvinnslan á Fáskrúðfirði hlaut umhverfisverðlaun LÍÚ árið 2007. Viðurkenningin var veitt á aðalfundi LÍÚ sem haldinn var nýlega.

BLÖNDUÓS

Vill frekar innilaug

Bæjaryfirvöld á Blönduósi hafa ákveðið að byggð verði sundlaug í bænum. Ágreiningur er innan framkvæmdanevndar um laugina. Segist einn nefndarmaðurinn „harma“ að byggja eigi útisundlaug en ekki innilaug.

REYKJAVÍK

Hrafn gerir athugasemd

Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndaleikstjóri segir að leggja þurfi fram betri gögn og lengja athugasemdafrest í grenndarkynningu vegna breytinga á listaverkageymslu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga. Skipulagsfulltrúi segir að leggja þurfi fram skýrari uppdætti og endurtaka svo grenndarkynninguna.



HÚSASKJÓL Geðhjálpar hefur lista yfir 107 geðsjúka einstaklinga sem eiga í engin hús að venda.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Geðsjúkir bornir út vegna aðgerðaleysis

Ein birtingarmynd skeytingarleysis samfélagsins í garð geðsjúkra er að þeir eru bornir út af heimilum sínum eftir árekstra við nágranna. Framkvæmdastjóri Geðhjálpur þekkir dæmi um að geðsjúkir hafi svipt sig lífi í kjölfar útburðar.

SAMFÉLAGSMÁL „Það er stundað, grimmilega, að bera út fólk en leysir það einhvern vanda? Ég þekki sjálfur dæmi þess að fólk hefur verið borið út og það svipt sig lífi eða dáði drottin sínum,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpur. „Það er óumdeilt að geðsjúkt fólk veldur vandamálum í nábýli við aðra en það er vegna þess að þessu fólk er ekki hjálpað.“

Húseigendafélaginu berast reglulega erindi vegna óþæginda og ónæðis af völdum geðsjúks fólks. Vandinn er mestur þar sem geðsjúkt fólk neytir fíkniefna. Stundum er um beina og jafnvel bráða hættu að ræða, að mati formanns Húseigendafélagsins.

Sveinn segir vandamálið skýrt í sínum huga. Ekki hafi tekist að framfylgja heildarstefnu í málefnum geðsjúkra og mikill skortur sé á samvinnu félagsmála- og heilbrigðisráðuneytis. Mikilvægt er að hans mati að stjórnvöld vinni

skipulegar að geðheilbrigðismálum. „Við verðum að setjast niður og taka á einstökum málum; hvaða greiningu hefur viðkomandi, hvert er hans hæfi og hvaða þjónustu þarf hann. Það er ekki hægt að alhæfa um þjónustubörf allra þessara einstaklinga, til þess eru þeir of ólíkir. Við erum að þegja þetta

fársjúka fólk í hel og hvaða afsökun höfum við? Við höfum bæði fjármagn og aðstöðu.“

Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, segir að reglulega berist erindi til félagsins vegna ónæðis af völdum geðsjúks fólks. „Stundum er um beina

og jafnvel bráða hættu að ræða,“ segir Sigurður. Samkvæmt fjöl-eignarhúsalögum er í alvarlegum tilvikum hægt að krefjast þess að viðkomandi flytji á brott og selji íbúð sína. Húsaleigulögin veiti einnig riftunar- og útburðarrétt við alvarleg brot leigjenda. „Skilyrði þessara úrræða eru oft fyrir hendi þegar um geðsjúka einstaklinga er að ræða en það er afar ógeðfellt að beita afgerandi lagaúrræðum gegn fjársjúku fólki. Þetta er heilbrigðisvandamál og samfélagslegt vandamál sem þjóðfélagið og hlutadæigandi yfirvöld verða að taka á.“

Sveinn segir að þeir veikustu í hópi geðsjúkra séu tífaðir tímasprengjur. „Þeir eru hættulegir sjálfum sér og öðrum af því að þeim hefur ekki verið sinnt vegna veikinda sinna. Þetta er birtingarmynd þessara sjúkdóma en ef geðsjúkir fá stuðning til sjálfshjálpur, þá er hægt að gera hér kraftaverk.“

svavar@frettabladid.is / sjá síðu 18



SVEINN MAGNÚSSON Framkvæmdastjóri Geðhjálpur.

Raflagnir á varnarsvæði:

Þingið staðfesti bráðabirgðalög

ALÞINGI Alþingi staðfesti í gær bráðabirgðalög um notkun raflagna á fyrrverandi varnarsvæði bandaríska hersins á Miðnesheiði. Ríkisstjórnin setti lögin í júlí.

Raflagnir á varnarsvæðinu stóðust ekki kröfur íslenskra laga, en tæplega 350 fjölskyldur fluttu inn á svæðið í haust. Samkvæmt lögum verður heimilt að nota bandarísku raflagnirnar fram til ársins 2010 án breytinga.

Nú þegar hefur raflögnum verið breytt í 318 af þeim 340 íbúðum sem breyta átti í fyrsta áfanga.

- sgi



SIGLUFJÖRÐUR Sauðfé áfram útlægt úr bæjarlandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skógræktarfélag Siglufjarðar:

Hrinda áhlaupi sauðkindanna

UMHVERFISMÁL Ekki verður af því að frístundabúskapur með sauðfé verði leyfður á Siglufirði eins og til stóð með nýju deiliskipulagi. Ástæðan er hörð mótmæli margra íbúa sem og stjórnar Skógræktarfélag Siglufjarðar sem segir gróður í bæjarlandinu hafa breyst mikið eftir að sauðfjárhald var bannað.

„Teljum við að sú fyrirætlan bæjaryfirvalda að leyfa hér sauðfjárbúskap á nýjan leik sé stórt skref aftur á bak og beinn dónaskapur við þá bæjarbúa sem á undanförunum árum hafa lagt í það metnað sinn og fórnað ómældum fjármunum og fyrirhófn við að fegra og prýða bæinn sinn,“ sagði stjórn skógræktarfélagins.

- gar

Davíð Oddsson segir tímasetningu skattalækkana og framkvæmda vandmeðfarna:

Orkan mun ekki hverfa

EFNAHAGSLÍF „Orkan í fallvötnunum eða eftirspurn eftir henni hverfur ekki þótt menn breyti tímasetningum á framkvæmdum,“ segir Davíð Oddsson seðlabankastjóri um áframhaldandi stórfamkvæmdir á Íslandi. Nú sé hagfellt að menn þústi aðeins í efnahagslífinu. Aðstæður þar skipti miklu máli við tímasetningu framkvæmda og skattalækkana.

„Það eru ekki miklar líkur á að menn tapi nokkrum tækifærum,“ segir Davíð. Frekar sé hugsanlegt að eftirspurn eftir orku aukist. Smá bið geti hugsanlega orðið til þess að samningsstaðan batnaði. Aðstæður í efnahagslífinu knýi ekki á um þetta nú. Seðlabankastjóri segir að sama eigi við um skattalækkana. Þær geti verið góðar og hjálplegar fyrir efnahagslífið og jafnvel aukið tekjumögu-leika ríkissjóðs, þar sem kakan stækki, en tíma-setningin er vandmeðfarin,“ segir Davíð.

Seðlabankastjóri segir að kaupmáttur launa hafi vaxið mikið og hjá öllum undanförunum. Staða launþegans hafi verið sterk þegar mikil eftirspurn hafi verið eftir öllum verkferum höndum. „Menn geta auðvitað búið til launahækkana í komandi

Orkan í fallvötnunum eða eftirspurn eftir henni hverfur ekki þótt menn breyti tímasetningum á framkvæmdum.

DAVÍÐ ODDSSON
SEÐLABANKASTJÓRI



kjarasamningum, en það er gömul saga og ný að ef þær ganga úr takti við það sem venjuleg verðbólga þolir, þá éstast þær upp í verðbólgu.“

Seðlabankinn sýni það í frávikssþá sinni um stýrivexti að verðbólga aukist verði launahækkana miklar og það dragi úr líkum á því að stýrivextir lækki hratt.

- ikh / sjá Markaðinn

-2kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is



www.ob.is

HIMNARÍKI OG HELVÍTI EFTIR JÓN KALMAN

ÞAÐ ER STUTT Á MILLI LIFS OG DAUÐA



Jón Kalman hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir síðustu skáldsögu sína, **Sumarljós, og svo kemur nóttin**. Þessi saga gerist fyrir meira en hundrað árum, fyrir vestan, inni í firði, á milli hárra fjalla, eiginlega á botni heimsins, þar sem sjórinn verður stundum svo gæfur að það er hægt að fara niður í fjöru til að strjúka honum.

JÓN KALMAN

JÓN KALMAN STEFÁNSSON

BJARTUR

JÓN KALMAN HLAUT
ÍSLENSKU BÓKMENNTA-
VERÐLAUNIN 2005

Himnaríki
og HELVÍTI

★★★★
„FRÁBÆR SKÁLDSAGA ...
ÞAÐ ERU KAFLAR Í ÞESSARI BÓK
SEM ERU MEÐ MAGNABRI PRÓSA
SEM SKRIFAÐUR HEFUR VERIÐ Á
ÍSLENSKU UNANFARNA ÁRATUGI.“
JÓN YNGVI, ÍSLAND Í DAG

BJARTUR

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	58,65 58,93
Sterlingspund	122,27 122,87
Evra	85,13 85,61
Dönsk króna	11,42 11,486
Norsk króna	10,958 11,022
Sænsk króna	9,2 9,254
Japanskt jen	0,511 0,514
SDR	92,38 92,94

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,6682
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ólafur Jóhann Ólafsson telur sig hafa keypt hlut í Geysi Green á eðlilegu verði:

Einfalt að verðmeta Geysi

ORKA „Það er tvennt ólíkt að meta svona fyrirtæki, REI og Geysi Green. REI er að miklum hluta fyrirtæki með eignir sem erfitt er að festa hönd á og því býður það upp á mismunandi tülkanir. En Geysir var einfaldlega verðmetinn samkvæmt eignum, þegar við komum þar inn,“ segir Ólafur Jóhann Ólafsson, fjárfestir og hluthafi í Geysi Green Energy.

Verðmatið hafi því verið afar hefðbundið og einfalt. „Menn lögðu bara saman og drógu frá,“ segir hann.

Haft var eftir Hjörleifi B. Kvaran, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, í blaðinu í gær að þegar

Geysir Green var sameinað REI, hafi það verið verðmetið samkvæmt viðskiptum í september, þegar 8,5 prósent hlutur í Geysi var seldur Ólafi Jóhanni og Goldman Sachs. Þetta verðmat hafi verið of hátt.

Ólafur Jóhann segir hins vegar að hann telji sig og Goldman Sachs hafa keypt á eðlilegu verði:

„Annars hefðum við ekki keypt hlutinn. Þetta var sanngjarnt verð og Goldman Sachs sá um að semja fyrir mig. Þetta var því mjög eðlilegur ferill, eins og öll viðskipti innan Geysis á þeim tíma.“ - kóp



ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON Segir að hann hefði ekki keypt hlut í Geysi Green Energy ef það hefði verið metið of hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bandarísk þingnefnd: Mukasey nú næsta öruggur

BANDARÍKIN, AP Bandarísk þingnefnd féllst í gær á að Michael Dukasey yrði næsti dómsmálaráðherra Bandaríkjaanna. Næsta öruggt þykir að öldungadeild þingsins samþykki þá ráðstöfun á næstu vikum.

Úrslitum réð að tveir demókratar féllust á að greiða Dukasey atkvæði sitt í trausti þess að hann standi við loforð um að framfylgja banni við svonefndum vatnsbrettapýntingum, ef Bandaríkjaþing setur lög um það.

Dukasey tekur við af Alberto Gonzales, sem var látinn hætta vegna harðrar gagnrýni. - gb



DERMOT AHERN Utanríkisráðherra Íra ræddi samningaviðræður um yfirráð á Hatton-Rockall við litla hrifningu íslenskra stjórnvalda.

Viðræður um Hatton-Rockall:

Lítill árangur á öðrum fundi

UTANRÍKISMÁL Fulltrúar ríkjanna fjögurra, Íslands, Írlands, Englands og Færeyja, sem keppast um yfirráð á Hatton-Rockall svæðinu, hittust á dögunum. Lítill árangur varð á öðrum fundi hópsins sem haldinn var í Kaupmannahöfn.

Í kjölfar fundarins birtist viðtal við Dermot Ahern, utanríkisráðherra Írlands, þar sem hann segir Íra hafa lagt fram sáttatillögu sem Færeyingar hafi sýnt áhuga, en Ísland hafi enn ekki tekið afstöðu til. Hann vonist þó til þess að ríkin nái sáttum áður en frestur þeirra til að skila greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna rennur út árið 2009.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur sagt tillögur Íra vera óviðunandi fyrir Ísland. - eb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bífelvta í Langadal

Karlmaður á sextugsaldri var fluttur til aðhyllningar á Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi um hálf sjö leytið í fyrrkvöld, með minniháttar meiðsli, eftir að hafa velt bíl sínum í Langadal. Töluverð hálka var á svæðinu og var bíllinn vanbúinn til vetraraksturs. Hann skemmdist mikið og var fjarlægður með kranabíl.

Íþyngjandi hömlur á yfirtöku íbúðalána

Kaupendur íbúða mega ekki yfirtaka íbúðalán Kaupþings á hagstæðari kjörum en nú bjóðast hjá bankanum. Kallar á nýjar og dýrari lántökur segir fasteignasali. Ekki lengur gulrót fyrir hugsanlega kaupendur að yfirtaka hagstæð lán.

VIÐSKIPTI „Þetta kallar á nýjar og dýrari lántökur fyrir kaupendur,“ segir Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali, um þá ákvörðun Kaupþings að banna fasteignakaupendur að yfirtaka íbúðalán sem bera lægri vexti en bjóðast í bankanum á hverjum tíma. Það þýðir að þeir sem tóku lán á 4,15 prósentu vöxtum geta ekki boðið kaupendum fasteignar að yfirtaka lánið þrátt fyrir að þeir séu með öll sín viðskipti í Kaupþingi. Breytingin tekur gildi 2. desember næstkomandi.

Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, segir að vissar takmarkanir hafi alltaf verið á yfirtökum lána. Hann bendir á að sá sem upphaflega tók lánið geti flutt það með sér og njóti þannig áfram sömu kjara.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa Frjálsi fjárfestingabankinn og SPRON tekið upp sömu reglur. Vala Pálsdóttir, upplýsingafulltrúi Glitnis, segir hins vegar enga ákvörðun hafa verið tekið hjá Glitni um svipaðar aðgerðir. Í sama streng tekur Anna Sigurðardóttir, forstöðumaður útibúaþróunar hjá Landsbankanum.

Hallur Magnússon, sviðstjóri hjá Íbúðalánasjóði, segir fasteignakaupendur geta tekið yfir lán Íbúðalánasjóðs sem séu hagstæðari en gengur og gerist á markaðnum á hverjum tíma. Markmið Íbúðalánasjóðs sé að ná jafnvægi í lengd inn- og útlána. Vextir útlána taki mið af því hversu hagstætt Íbúðalánasjóður



KAUPÞING KYNNIR NÝJU ÍBÚÐALÁNI SIN HAUSTIÐ 2004 Fólki sem hefur tekið lán á hagstæðum kjörum hjá bankanum getur ekki boðið hugsanlegum kaupendum að taka lánin yfir. Þessi regla hefur ekki verið tekin upp hjá Glitni, Landsbankanum eða íbúðalánasjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

geti fengið lánað í jafn langan tíma og lánið er veitt. Því þurfi Íbúðalánasjóður ekki að breyta vöxtum á lánstímanum. Þetta sé eitt af einkennum sjóðsins.

Ólafur B. Blöndal segir þessar hömlur á yfirtöku lána munu virka íþyngjandi í viðskiptum. Reglurnar séu ekki í samræmi við það sem fólk hélt að gildi upphaflega þegar það tók lánin. Nú muni íbúðakaupendur hugsa sig tvisvar um áður en þeir fá lánað hjá bönkunum.

Hér áður fyrr hafi hagstæð lán á íbúðum verið ákveðin gulrót fyrir hugsanlega kaupendur. Nú sé búið að taka fyrir það. Hann

bendir þó á að fólk geti flutt lánin með sér yfir á aðrar fasteignir sem það kaupir.

Stóru viðskiptabankarnir hafa tilkynnt hækkun vaxta á nýjum íbúðalánum eftir stýrivaxtahækkun Seðlabankans á fimmtudaginn. Hjá Kaupþingi verða vextir nýrra lána 6,4 prósent.

Hjá Glitni verða vextirnir 5,8 prósent á lánum með fasta vexti og 6,5 prósent á lánum með breytilega vexti. Hjá Landsbankanum eru vextir nýrra íbúðalána 5,75 prósent og 6,45 prósent með endurskoðunarákvæði.

bjorgvin@frettabladid.is



MÁLALIÐAR EÐA ÖRYGGISVERÐIR? Starfsmenn bandaríks öryggisfyrirtækis í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Svissneskt Blackwater-mál:

Svisslendingur rannsakaður

SVISS, AP Svissneskur maður, sem starfaði í Írak á vegum bandaríska öryggisfyrirtækisins Blackwater, er nú til rannsóknar hjá herrétti í Sviss vegna gruns um að hann hafi brotið lög gegn málaliðum.

Bandaríkin hafna því alfarið að öryggisverðir á vegum bandarískra einkafyrirtækja í Írak geti talist málaliðar, en Sameinuðu þjóðirnar hafa sagt þetta nýja tegund af málaliðastarfsemi sem falli illa að alþjóðalögum um framferði í stríði.

Ef svissneski dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu að starfsemi Blackwater-manna í Írak falli undir hernaðarstarfsemi, þá má maðurinn búast við allt að þriggja ára fangelsisdómi. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bífelvta í Svarfaðardal

Tæplega tvítugur ökumaður missti stjórn á bíl sínum í Svarfaðardal um hálf tíu leytið í fyrrkvöld svo að bíllinn valt, en mikil hálka var á svæðinu. Einn farþegi var í bílnum auk ökumanns. Voru þeir fluttir á Heilsugæsluna á Dalvík til skoðunar en sluppu án teljandi meiðsla. Bíllinn skemmdist mikið og var fjarlægður með kranabíl.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Kaupmannahöfn	10°C skúrir	London	12°C skúrir	Friedrichshafen	7°C rigning
Billund	9°C rigning	Paris	11°C skýjað	Lúxemborg	8°C skúrir
Osló	6°C skúrir	Amsterdam	13°C skúrir	Alicante	21°C léttskýjað
Stokkhólmur	3°C slyduél	Frankfurt	9°C skúrir	Róm	17°C léttskýjað
Gautaborg	8°C skýjað	Berlín	8°C skúrir	Las Palmas	24°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

iPod endurfæddur



iPod nano 4 GB

Glæný hönnun / Nýir litir / Spilar myndbönd / Bjartari skjár
Nýtt stýrikerfi / Cover Flow / Hljóðbækur / Leikir / Myndir

18.990



iPod touch

8 GB / svartur 29.990*
16 GB / svartur 39.990*

* Væntanlegur í nóvember.
* Verð er með fyrirvara um tollflokkun.

iPod classic

80 GB / silfur 33.990
160 GB / svartur 47.990
80 GB / silfur 33.990
160 GB / svartur 47.990

iPod nano

4 GB / silfur 18.990
8 GB / silfur 24.990
8 GB / blár 24.990
8 GB / grænn 24.990
8 GB / svartur 24.990

iPod shuffle

1 GB / silfur 9.990
1 GB / blár 9.990
1 GB / grænn 9.990
1 GB / fjólublár 9.990



Apple IMC
Humac ehf.

apple.is
534 3400

Laugavegur 182 | Mán. til fös. 10 – 18 og lau. 11 – 16
Kringlan | Ópið samkvæmt afgreiðslutíma Kringlunnar

KJÖRKASSINN



Ertu samþykkur áformum félagsmálaráðherra að afnema launaleynd?

Já	66%
Nei	34%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér að auka eigi íþróttakennslu í grunnskólum?

Segðu skoðun þína á visir.is



Frumvarp heilbrigðisráðherra gerir ráð fyrir heimildum til stofnfrumurannsókna:

Stofnfrumubanni verði aflétt

ALPINGI Banni um notkun fósturvísu til stofnfrumurannsókna verður aflétt að hluta ef frumvarp heilbrigðisráðherra um tæknifrjóvgun verður að lögum. Heimilt verður að nota umframfósturvísu til glasafrjóvgunar í slíkar rannsóknir.

Við glasafrjóvgun í æxlunartilgangi eru að jafnaði búnir til fleiri fósturvísar en notaðir eru í því skyni.

Ástæðan fyrir því er að líkur aukast á lífvænlegum fósturvísu ef margir eru búnir til. Lífvænlegir fósturvísar sem ekki eru valdir til notkunar eru að jafnaði geymdir.


Klónun verður enn ólögleg samkvæmt frumvarpinu, en svokallaður kjarnaflutningur í rannsóknaskyni verður leyfilegur í undantekningatilfellum.

Þá er kjarna úr líkamsfrumu komið fyrir í eggfrumu konu, en talið er að notkun slíkra frumna geti bætt meðhöndlun sjúkdóma og aflað þekkingar í líf- og læknisfræði.

Rannsóknir á fósturvísu verða áfram óheimil ef þær ógna lífsmöguleikum þeirra.

Frumvarpið var fyrst lagt fram á þingi í vor en fékk ekki afgreiðslu fyrir kosningar.

- sgi



FÓSTURVÍSA Talið er að stofnfrumurannsóknir geti bætt meðhöndlun sjúkdóma og aflað mikilvægrar þekkingar.

Kvóti í Barentshafi:

Porskvóti nær óbreyttur

SJÁVARÚTVEGUR Norðmenn og Rússar hafa náð samkomulagi um að heildarkvóti þorsks í Barentshafi verði 430 þúsund tonn á árinu 2008.

Kvóti strandþorsks verður 21 þúsund tonn. Þetta kemur fram í nýjustu Fiskifréttnum.

Í tilkynningu frá norska sjávarútvegsráðuneytinu er það haft eftir Helgu Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, að unnt hafi verið að halda kvótanum nær óbreyttum vegna þess að tekist hafi að draga úr ólöglegum veiðum á Barentshafsporski.

Engin loðna eða karfi verða veidd á næsta ári.

- shá

DJÚPIVOGUR

Lappaát á fortíðarballi

Árleg sviðamessa verður á Djúpvogum á laugardagkvöld. Lagaval á Hótel Framtíðinni að þessu sinni verður úr fortíðinni, nánar tiltekið frá árunum 1965 til 1975. „Etin verða svið og lappir,“ segir í tilkynningu.

DÓMSMÁL

Fangelsi fyrir fíkniefnabrot

Maður á þritugsaldri hefur verið dæmdur í héraðsdómi í sekt fyrir fíkniefnabrot. Honum var gert að greiða 50 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs ella sæta fangelsi í fjóra daga.

Kynferðisbrotamálin hrannast upp

Kynferðisbrotamálum sem koma til rannsóknar hjá lögreglustjóraembættinu á Selfossi hefur fjölgað til muna það sem af er þessu ári. Málin varða kynferðislega misbeitingu bæði á börnum og fullorðnu fólki, að sögn lögreglustjóra.

LÖGREGLUMÁL Það sem af er þessu ári hafa 38 kynferðisbrotamál komið til meðferðar hjá lögreglustjóraembættinu á Selfossi, að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar lögreglustjóra.

Fjölgun mála af þessum toga hjá embættinu hefur vaxið jafnt og þétt á síðastliðnum árum, segir Ólafur Helgi. Árið 2000 voru átta kynferðisbrotamál til meðferðar hjá því. Árið 2006 voru þau 14 talsins.

Lögreglan á Selfossi hefur frá áramótum fengið kynferðisbrotamál til rannsóknar frá lögreglunni á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum. Umdæmið á Hvolsvelli nær einnig yfir Vestur-Skaftafellssýslu.

„Við höfum fengið tíu mál utan Árnassýslu í rannsóknardeildina það sem af er þessu ári,“ segir Ólafur Helgi. „Við förum því úr fjórtán málum, hér í sýslunni, upp í 28 mál, sem er tvöföldun.“

Hluta af þessari aukningu má rekja til Byrgismálsins svonefnda, þar sem átta ungar konur kærðu Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann, fyrir kynferðislega misbeitingu. Þeirri rannsókn, sem telst átta mál, er lokið og hefur hún verið send til ríkissaksóknara.

„Það er erfitt að fullyrða um einhverja eina skýringu á þessari fjölgun,“ segir Ólafur Helgi. „Hluti af henni gæti verið sá að fólk sé einfaldlega viljugra að kæra nú en áður. Það viti þá væntanlega að tekið sé á málum og þeim fylgt eftir.“

Ólafur Helgi útskýrir enn fremur að kærð mál til embættisins varði bæði börn innan 18 ára og fullorðna sem orðið hafi fyrir kynferðislegri misbeitingu. Hann vill ekki ræða eðli mála nánar þar sem auðvelt sé þá að rekja þau.

„Við höfum ekki gert sérstaka úttekt á þessu, en málin hafa hrannast upp,“ segir Ólafur Helgi. „Þá er ég ekki að tala um að það taki langan tíma að rannsaka þessi mál og að þau séu tímafrek og erfið, heldur veldur það áhyggjum að þessi fjölgun skuli vera að koma upp því það vekur rökstuddan grun um að eitthvað sé að í samfélaginu. Vitaskuld er það mjög lítill hluti samfélagsins sem tengist þessum málum, en á móti kemur að þau hafa alltaf áhrif á sitt nánasta umhverfi.“

js@frettabladid.is



LÖGREGLUSTJÓRINN Ólafur Helgi Kjartansson telur hluta skýringar á stórfjölgun kynferðisbrotamála sem berast til embættisins geta verið þann, að fólk sé viljugra að kæra en áður.

SIEMENS

Kryddaðu eldhúsið með heimilistækjum frá Siemens.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

SÓMA BAKKAR

SÓMI

PÍTUBAKKI 2.390 kr.

Tikka masala kjúklingur, jöklasalatog pítubrauð.

Reykt skinka, eggjasalat, jöklasalat og pítubrauð.

ÁVAXTABAKKI 2.480 kr.

Vinber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir.

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

Nánari upplýsingar á somi.is *Frí heimsending gildir aðeins af pantaðir eru 3 eða fleiri bakkar.

Samkeppni um hönnun óperuhúss í Kópavogi er hafin:

Heimili Íslensku óperunnar

KÓPAVOGUR Áætlaður kostnaður við nýtt 6.000 fermetra óperuhús í Kópavogi verður um 2,5 milljarðar. Húsið mun taka 800 manns í sæti og gert er ráð fyrir þreföldu sviði svo hægt sé að sýna fleiri en eina sýningu samtímis að sögn Gunnars I. Birgissonar, bæjarstjóra Kópavogsbæjar. Í fjárhagsáætlun frá árinu 2005 var gert ráð fyrir að kostnaður við verkið yrði 1,8 milljarðar.

Gunnar segir Íslensku óperuna vanta heimili og segist hafa boðið henni að flytjast til Kópavogs eftir að ljóst var að hún fengi ekki aðstöðu í Tónlistarhúsinu í Reykjavík.

Hönnunargögn hafa þegar verið send þremur arkitektastofum.

„Ein stofanna, Alark, annaðist hönnun menningarhúss bæjarins. Hinar tvær, Ark og Arkþing, eru með þeim stærstu í bransanum í dag. Við setjum þau skilyrði að stofnarnar vinni með erlendum sérfræðingum á sviði hönnunar að þessari gerð.“

Gunnar segist leggja áherslu á fjármögnun einkaaðila og að fjórir hafi þegar sýnt áhuga. Hann sagðist ekki vilja tilgreina hverjir þeir aðilar væru eða hvað þeir hygðust leggja mikið fé í húsið.

„Lykillinn í hugmynd minni var að einkaaðilar



MENNINGARTORG Gert er ráð fyrir að óperuhúsið muni standa við hlið annarra menningarhúsa Kópavogsbæjar við Borgarholt og myndi með þeim menningartorg.

legðu til hlutafé sem þeir geta ekki tekið út eða ávaxt að og er einungis ætlað þeirri starfsemi sem er í húsinu.“

Gunnar vonast til þess að ríkið muni koma að uppbyggingu óperuhússins og segist hafa átt í viðræðum við menntamálaráðherra.

„Ég vona að þessu verkefni verði sýnd jafnmikil virðing og þeim menningarhúsum annars staðar á landinu sem ríkið styrkir, eins og á Akureyri og í Vestmannaeyjum.“

Hafist verður handa við byggingu hússins síðla árs 2008.

- eb

MYNDAVÉLI MEÐ SÍMA EÐA SÍMI MEÐ MYNDAVÉL

Sony Ericsson K850i

Myndavélin:

- 5.0 Megapixla myndavél
- Alvöru Xenon flass
- Stafræn hristivörn
- Auto Focus
- Stafrænt zoom
- Photo Fix, lagaðu myndina eftir að þú tekur hana
- Innbyggt minni 40MB
- Hægt að fá allt að 2GB minnskort 512MB fylgja með
- 2,2" skjár
- 118gr.

Síminn:

- 3G
- Bluetooth
- MP3 spilari
- FM útvarp
- Dagbók
- Tölvupóstur
- USB tengi
- Track ID, láttu símann hlusta á tónlistina og þekkja lagið fyrir þig
- Allt að 9 klst. í tali og yfir tvær vikur í bið



Síminn: 55.900 kr.
Farsímalagersverð:
49.990 kr.

Frítt með!

50 framkallaðar stafrænar myndir úr símanum frá Hans Petersen

**Ný verslun
í Kringlunni!**



Bluetooth búnaður

frá
2.990 kr.

Farsimalagerinn.is

ÞÚ GRÆÐIR EKKERT Á AÐ VERSLA ANNARS STAÐAR

Fjörður Hafnarfirði - Bankastræti 4 - Laugavegur 178 - Miðhraun Garðabæ - Kringlan - www.farsimalagerinn.is - s: 412 1800



Allt í drasli mælir með

Burt með uppsafnaðan kísil
Frábært til að fjarlægja erfða bletti, uppsöfnuð óhreinindi, fitu, gúmmiför, kísil og sapuskánir. Notist á postulín, keramik, ryðfrítt stál o.fl. Auðvelt að skola og skilur ekki eftir himnu.

Fita og önnur óhreinindi hverfa
skotvirkar á erfða bletti eins og fitu, blek, vaxlit, varalit, vín, matarleifar og fleira. Efni er úðað beint úr brúsanum á blettinn og síðan þurrkað. Þarf ekki að skola. Skilur ekki eftir leifar.

Skítur á veggjum ekki vandamál
Hvímleð fingraför og skítur á veggjum eru ekki lengur vandamál með SD-20 hreinsiefninu.

Burt með blettina!
Náðu burt blettum og öðrum óhreinindum úr sófum og teppum með Contempo teppa- og blettreinsi.

Helluborðið eins og nýtt
Helluborðið verður eins og nýtt með Sterling keramikhelluhreinsi.

Allt í drasli **BESTA**
- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði Sími: 430 0000
Brekkestíg 39 • Njarðvík Sími: 420 0000
Miðási 7 • Egilsstöðum Sími: 470 0000
Ármúla 23 • Reykjavík Sími: 510 0000

Arabíukonungur í Páfagarði: Unnið að stjórn- málatengslum

PÁFAGARÐUR, AP Benedikt XVI páfi tók í gær á móti Abdúlla, konungi Sádi-Arabíu, en það var í fyrsta sinn sem sitjandi konungur landsins sem geymir helgustu staði íslams hittir páfa.

Í tilkynningu frá Páfagarði segir að viðræðurnar hafi verið „hlýjar“ og að „jákvæðrar nærveru og starfs kristinna“ hafi verið getið. Páfagarður hefur áður lýst áhyggjum af hömlum á trúariðkun kristinna í Sádi-Arabíu.

Benedikt páfi hefur sagst vilja koma á stjórnmalasambandi við öll lönd sem ekki eru í slíkum tengslum við Páfagarð, en þar á meðal eru Sádi-Arabía og Kína. - aa



KONUNGUR HJÁ PÁFA Benedikt XVI heilsar Abdúlla konungi í Páfagarði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Elísabet Bretadrottning les fyrstu stefnuræðu Gordons Brown:

Brown upplýsir um áform sín

BRETLAND, AP Elísabet Bretadrottning las í gær upp stefnuræðu Gordons Brown forsætisráðherra. Í ræðunni taldi hún upp nærri 30 ný frumvörp og tillögur að frumvörpum, sem Brown hyggst fá samþykkt á þingi í vetur.

Meðal annars ætlar Brown að herða aðgerðir gegn grunuðum hryðjuverkamönnum, setja strangar reglur um útblástur gróðurhúsalofttegunda og leggja áherslu á að halda aftur af hugsanlegum kjarnorkuáformum Írana.

Drottningin sat að venju í gylltu háseti í lávarðadeild þingsins þegar hún las upp ræðuna við setningarathöfn þingsins. Sú athöfn er jafnan hátíðleg, litrík og innihaldslítill og að venju er eng-

inn rökstuðningur eða nánari útfærslur á neinum þeim frumvörpum sem talin eru upp í ræðunni.

Í ræðunni voru til dæmis engar útlistanir á því hvaða nýju heimildir lögreglan fær til að taka á grunuðum hryðjuverkamönnum. Lögreglan hefur krafist þess að geta haldið mönnum lengur en 28 daga í fangelsi, en sú krafa hefur mætt mikilli andstöðu.

Brown þykir þó hafa fengið þarna tækifæri til þess að taka aftur frumkvæðið í breskri stjórn- málaumræðu, eftir að hafa misst verulega flugið þegar hann hætti við að boða til kosninga þegar skoðanakannanir voru ekki hagstæðar. - gb



DROTTNINGIN Í HÁSÆTI Á árlegri setningarathöfn þingsins les drottningin jafnan upp stefnuræðu forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



OROBLU KIDS

Hlýjar og fallegar barnasokkabuxur í fjölbreyttum litum ásamt leggings og sokkum. Fæst í flestum apótekum.

Opnunar

HÁTÍÐ

Við höfum opnað stærstu hljóðfæraverslun á Íslandi í Síðumúla 20
Að því tilefni höldum við glæsilega hátíð laugardaginn 10. nóvember kl 13-17!

DR. SPOCK
LAND OG SYNIR

MUGISON

BARDUKHA

HUNANG
BRAIN POLICE

JAZZ KVARTETT
Guðmundar Steingrímssonar

RAGGI BJARNA

Úr klassíkinni!

Puríður Helga píanóleikari, Geirprúður Ása fiðluleikari,
Páll Palomares fiðluleikari, Bjarni Frímann violuleikari,
Þorgerður Edda sellóleikari og fleiri og fleiri!

Komið og fagnið með okkur
og gerið góð kaup í leiðinni!

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Frábær
opnunar
tilboð!

SÍÐUMÚLA 20 · REYKJAVÍK · WWW.HLJODFAERAHUSID.IS · SÍMI 591 5340

RV Unique**RV Unique örtrefjaræstikerfið**
- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt

Bodil Fur,
sölumaður hjá
RV Unique í Danmörku

UniFlex II H Fiber ræstivagn

Á kynningartilboði
RV Unique
örtrefjaræstikerfið

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Veiðarfærarannsóknir Hafró:

Meirihluti loðnu sleppur

SJÁVARÚTVEGUR Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á loðnuveiðum í flotvörpu sýna að 60 til 80 prósent þeirrar loðnu sem kemur inn í vörpuna sleppur út aftur. Aðeins enda því 20 til 40 prósent sem afli.

Þetta kom fram í erindi Haraldar Arnar Einarssonar, veiðarfærasérfræðings Hafrannsóknastofnunar, á nýliðnum aðalfundi LÍÚ. Í máli hans kom fram að ekkert væri vitað um afdrif þeirrar loðnu sem sleppur út í gegnum möskva vörpunnar. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á því hversu lífvænleg loðnan er en erfitt er að koma slíkum rannsóknum við.

- shá



LOÐNA Meirihluti loðnunnar sleppur úr flottrollinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HAMID KARZAI Forseti Afganistans sagði í gær að meira en 700 afganskir lögreglu- menn hefðu farist í árásum og átökum á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viltu hafa áhrif?

Stjórnmalaskóli Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ

Víkinni, Hafnargötu, 8.–9. nóvember 2007

**DAGSKRÁ**

Fimmtudag 8. nóvember kl. 20–22.30

Stjórnmalin frá A til Ö

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar

Neytendamál

Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra

Bæjarmál í Reykjanesbæ

Guðbrandur Einarsson, oddviti A-listans í Reykjanesbæ

Föstudag 9. nóvember kl. 20–23

Samfylkingin – Pólitískt inntak og erindi

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar

Alþingi og þingflokkurinn

Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar

„Ungliðarnir eiga að vera með kjaft og halda partí“

Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna

Skráning fer fram á samfylking@samfylking.is

Allar frekari upplýsingar veittar í síma 414 2200 og á www.samfylkingin.is

Aðgangur ókeypis og öllum heimill

Allir með!

 **Samfylkingin**

Sprengjuárás í Afganistan

Fimm þingmenn og tugir annarra fórust, auk þess sem tugir skólabarna særðust í sprengjuárás í Afganistan. Norðmenn senda liðsauka á næsta ári.

AFGANISTAN, AP Fimm afganskir þingmenn og tugir annarra fórust í gær þegar sprengja sprakk í Baghlan-héraði í norðurhluta í Afganistan. Tugir skólabarna særðust af völdum sprengingarinnar.

Sprengingin varð fyrir utan sykurverksmiðju þegar þingmennirnir voru á leið inn í hana. Skólabörn, öldungar og borgarstarfsmenn voru þar samkomnir til að fagna sendinefnd 18 þingmanna frá neðri deild afganska þingsins í Kabúl.

Misvísandi upplýsingar bárust frá afgönskum stjórnvöldum um fjölda látinna. Innanríkisráðuneytið sagði 28 hafa látist en áður hafði önnur ríkisstofnun sagt hina látnu vera 64. Aðrir sögðu allt að 90 manns hafa fallið.

„Börnin stóðu báðum megin götunnar og voru að heilsa þingmönnum þegar sprengingin varð,“ sagði Mohammad Yousuf Favez, læknir við stærsta sjúkrahúsið í Baghlan. Hann segir einnig hugsanlegt að ættingjar sumra hinna látnu hafi náð í líkin, sem eftir höfðu orðið á staðnum, og því erfitt að finna út hversu margir þeir voru sem fórust.

Þetta ár hafa meira en 5.700 manns fallið í árásum og átökum í Afganistan, en sjaldan hefur ein árás valdið jafn miklu manntjóni.

Talsmaður Bandaríkjahers segir að sprengjuárásin sé engu að síður af sama tagi og talibanar hafa framið undanfarið. Ekkert bendir til þess að al-Kaída hafi komið nálægt þessari árás.

Í gær skýrði Anne-Grethe Ström-Erichsen, varnarmálaráðherra Noregs, frá því að norsk stjórnvöld myndu á næsta ári senda 250 manna liðsauka og þyrflur til að styrkja fjölbjóðaherlið NATO í Afganistan. NATO er með um 35 þúsund manna fjölbjóðaherlið í Afganistan og hefur meðal annars átt í hörðum bardögum við talibana í suðurhluta landsins.

Í liðsauka Norðmanna verða 150 sérsveitarhermenn sem verða í Kabúl um átján mánaða skeið frá og með mars á næsta ári. Einnig munu 100 fótgönguliðar og tvær eða þrjár þyrflur bæstast við 550 manna norska herliðið sem er staðsett skammt frá borginni Maymana í norðurhluta Afganistans.

gudsteinn@frettabladid.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ | ARMANI
JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



Herra
lagerinn
outlet

Frábær tilboð!

BELLINI
collezione

Jakkaföt
17.980

VERÐ ÁÐUR ~~44.980~~

ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

BELLINI
collezione

Skyrtur
2.980

VERÐ ÁÐUR ~~7.980~~

ALLAR STÆRÐIR

Leðurjakkar
19.980

VERÐ ÁÐUR ~~44.980~~

ALLAR STÆRÐIR

50%
afsláttur
af öllum öðrum
vörum

ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld fyrir alla

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og lífeyrismálum. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

1. nóv.	Aðalbanki	Hvar liggja fjárfestingartækifærin?	
8. nóv.	Árbær	Fjármál heimilisins frá A til Ö	á morgun
15. nóv.	Egilsstaðir	Fjármál heimilisins frá A til Ö	
22. nóv.	Grafarholt	Lífeyrismál frá A til Ö	
29. nóv.	Akureyri	Hvar liggja fjárfestingartækifærin?	

8. nóvember, Árbær

Tómas N. Möller, forstöðumaður Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans, fjallar um fjármál heimilisins. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja fá gagnýt ráð um lántökur, ávöxtun, sparnað og fjármál heimilisins almennt.

Fræðslukvöld fyrir innflytjendur

Fræðslukvöld verða haldin fyrir innflytjendur en námskeiðin eru samvinna sérfræðinga hjá Alþjóðahúsi og Landsbankanum. Námskeiðin eru opin öllum án endurgjalds og verða kennd á íslensku en eitt markmið námskeiðanna er að flétta saman íslenskukennslu og fjármálafræðslu.

Dagskrá fræðslukvölda

8. nóv.	Fjarðargata	Greiðslumiðlun og lántaka	á morgun
15. nóv.	Aðalbanki	Greiðslumiðlun og lántaka	
22. nóv.	Mjóddin	Tryggingar og sparnaður	
29. nóv.	Laugavegur	Tryggingar og sparnaður	

Skráning hafin á landsbanki.is

eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðin eru á landsbanki.is



ISLENSKA STAÐSÍÐA 11.2007

NÓVEMBER

FLUGVÉL Litlum flugvéllum er þegar flogið í Fljótavík.



Flugvöllur í Fljótavík:

Öryggi fyrir sumarhúsafólk

SAMGÖNGUR Sumarhúsaeigendur í Fljótavík vilja gera flugvöll til að tryggja betri samgöngur við staðinn í öryggisskyni. Þetta segir Svanlaug Guðnadóttir, formaður umhverfisnefndar Ísafjarðar, sem vísað hefur málinu til vinnuhóps aðalskipulags norðan Djúps.

Umhverfisstofnun hefur meðal annars bent á að samþykki landeigenda þurfi fyrir flugvallargerðinni. Að sögn Svanlaugar eru eigendur í Fljótavík margir tugir, og á hver um sig misstóran hlut í jörðinni, sem er í friðlandi. Hún segir suma þeirra nú þegar fljúga þangað á litlum flugvéllum en telja að bæta þurfi lendingarskilyrðin.

- gar



SAMNINGURINN

UNDIRRITAÐUR

Tómas Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, og Guðmundur P. Davíðsson, forstjóri Eimskipa á Íslandi, undirrituðu samninginn í gær og gildir hann til fimm ára.

Sjötíu ný störf við höfnina

Alcoa Fjarðaál hefur samið við Eimskip um að flytja inn 220 þúsund tonn af rafskautum á ári í Reyðarfirði. Höfnin í Reyðarfirði verður þar með önnur stærsta höfn landsins.

FLUTNINGAR Alcoa Fjarðaál hefur samið við Eimskip um að félagið flytji inn rúmlega 220 þúsund tonn af rafskautum á ári. Samningurinn, sem var undirritaður í gær, gildir til fimm ára.

Flutningarnir munu fara um Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði og verður hún þá önnur stærsta höfn landsins. Um 260 þúsund tonna skipaflutningar munu fara um hana árlega. Þá munu sjötíu ný störf skapast við höfnina.

Flutningaskipinu BBC Reyðarfjörður hefur verið bætt við flota Eimskipa og mun skipið sigla vikulega milli Reyðarfjarðar og Noregs.

Guðmundur P. Davíðsson, forstjóri Eimskipa, bindur miklar vonir við flutningana og telur forsendur skapast til útflutnings frá Reyðarfirði, til dæmis á sjávararafurðum af Norður- og Norðausturlandi.


„Með tilkomu þessarar hafnar sé ég fyrir mér að flutningar geti aukist verulega. Þetta er stysta

siglingaleiðin til Evrópu. Þrjú skip fara héðan til annarra Evrópulanda í hverri viku þannig að þetta býður upp á ýmsa möguleika. Með tilkomu annarrar störfu á Norðausturlandi, til dæmis á Húsavík, gæti myndast þríhyrningur sem myndi léttu verulega á vegakerfinu,“ segir hann.

Við undirskrift samningsins í gær kom fram að Eimskip mun, auk flutninga, annast alla skipaafgreiðslu fyrir Fjarðaál, uppskipun á 690 þúsund tonnum af súráli og öllum aðföngum til álframleiðslu sem og lestun áls sem nemur 346 þúsund tonnum á ári. Samningurinn nær því til samtals 1.300 þúsund tonna sem fara í gegnum Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði á hverju ári.

Verðmæti samningsins er ekki gefið upp en Guðmundur segir að 70 prósent af flutningskostnaði álversins renni til Eimskipa. Féð fari í rekstur á hafnaraðstöðunni og flutningakerfinu.

ghs@frettabladid.is



Við sendum alla skemmtilegustu leikfélögana heim til þín.

eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872

Ljósastarar
mikið úrval – gott verð

Verð kr. **3.495,-**

Verð kr. **2.495,-**

Verð aðeins kr. **1.495,-**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Opíð
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16

www.murbudin.is Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is

– Afslátt eða gott verð?

Miltisbrandur í Garðabæ: Sýkt hræ enn geymd í gámi

HEILBRIGÐISMÁL Miltisbrandssýktu kúahræin sem fundust í Hraunsholti í Garðabæ í síðustu viku eru enn geymd í læstum og vöktuðum gámi. Upphaflega átti að brenna þau í sorpbrennslu Suðurnesja en starfsfólk þar treysti sér ekki til þess. Ekki hefur fundist leið til að farga hræjunum.

„Þetta er allt á viðkvæmu stigi, ætli það sé ekki best að þegja bara um þetta,“ segir Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir. Hann vill ekki gefa upp hvar gámurinn sé né hvernig hægt sé að farga hræjunum. „Við erum að vinna í málinu.“ - sfs

Fjórða þyrla Landhelgisgæslunnar væntanleg til landsins á næstu dögum:

Superpuma kemur í stað TF-SIFJAR

ÖRYGGISMÁL Driggja manna áhöfn frá Landhelgisgæslunni hélt utan til Förde í Noregi í gærmorgun til þess að sækja fjórðu þyrluna í flota gæslunnar þennan veturinn.

Þyrlan er af gerðinni Superpuma, en með komu hennar verða þrjár þyrlur þeirrar gerðar í flota Landhelgisgæslunnar, auk einnar þyrlu af gerðinni Dauphin.

Áhöfn þyrlunnar mun prófa þyrluna í dag eins og reglur gera ráð fyrir áður en haldið er í langflug, en stefnt er að því að leggja af stað til landsins síðdegis eða á morgun. Flugtíminn fer eftir flugskýrðum á leiðinni en þyrlan mun lenda á Hornafirði til að taka eldsneyti áður en hún heldur áleiðis til Reykjavíkur.

Að sögn Geirprúðar Alfreðsdóttur, flugrekstrarstjóra Landhelgisgæslunnar, er hér um að ræða sömu þyrlu og var til taks hérlendis í fyrravetur en ekki stóð til að leigja hana lengur. Nýju þyrlunni er ætlað að fylla í skarðið eftir TF-SIF sem hrapaði við Straumsvík í júlímánuði.

Þyrlan verður hér í leigu fram í maí frá norska þyrluþjónustufyrirtækinu Airlift, en ríkisstjórnin veitti sérstaka fjárheimild, 250 milljónir króna, fyrir leigu á þyrlunni út árið 2008.



TF-SIF Leigja þarf sérstaklega þyrlu frá Noregi til að fylla í skarðið eftir að þyrlan hrapaði síðasta sumar.



PALLBORÐIÐ Salvör Jónsdóttir og fyrirlesarinn Martin Haworth á morgunverðarfundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Próun matvælamarkaðar:

Heimsmarkaðsverð hækkar

LANDBÚNAÐUR Heimsmarkaðsverð á flestum landbúnaðarvörum mun fara hækkandi á næstu árum. Aðalorsökin fyrir því er snaraukin eftirspurn í Austurlöndum, breytt ræktunarskilyrði víða um lönd og framleiðsla lífræns eldsneytis. Þetta er mat Martins Haworth, yfirmanns stefnumótunar hjá ensku bændasamtökunum NFU, en hann hélt erindi um þetta efni á morgunverðarfundum Bændasamtaka Íslands á Hótel Sögu í gær.

Haworth telur að tími hins lága matvælaverðs, sem offramleiðsla og niðurgreiðslur hafa valdið í landbúnaði á Vesturlöndum síðustu áratugi, sé nú liðinn. - aa

Hæstiréttur Simbabve:

Búnaður bænda upptækur

SIMBABVE, AP Hæstiréttur Simbabve hefur úrskurðað að ríkisstjórnin geti gert upptækar dráttarvélur og annan búnað hvítra bænda, sem settur var í geymslu er þeir voru flæmdir burt af jörðum sínum.

Í úrskurðinum, sem féll á mánudag og var gerður opinber í gær, segir að ríkið megi slá eign sinni á búnaðinn á grundvelli laga sem stjórnarflokkur Mugabes forseta setti árið 2002.

„Þetta er önnur leið til að ræna því sem fyrrverandi smábændur áttu eftir ... þetta er ekkert annað en rán um hábjartan dag,“ sagði John Worsely-Worswick, talsmaður hagsmunahóps brottflæmdra bænda, um úrskurðinn. - aa


Fór út af veginum í Langadal:

Valt í hálfu á sumardekkjum

LÖGREGLUFRÉTT Jeppi valt í hálfu í Langadal við bæinn Fremstagil á sjöunda tímanum í fyrrakvöld. Ökumaðurinn, karlmaður á miðjum aldri, var einn í bílnum og slapp lítið meiddur.

Bíllinn er töluvert skemmdur eftir veltuna, og var dreginn á Blönduós með kranabíl. Ökumaður bílsins var illa búinn undir vetrarfærðina, en hann var með sumardekk undir bílnum.

Að sögn lögreglu var bíllinn að koma úr beygju þegar ökumaður missti stjórn á honum í hálfu og fór út af veginum. Hálkublettir eru hér og þar á vegunum eftir veður undanfarinna daga. - sfs



Sterkt samband
sem endist

GUNNAR HÓLM OG FLEMMING
ÞÓR HÓLM, STÁL & STANSAR

Fyrirtækjaþjónusta

KAUPPING
Hugsum lengra

Markmið Fyrirtækjaþjónustu Kauppings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálaþjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp langtímasamband við viðskiptavinir okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði.

Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtæki þitt og erum með þér alla leið!

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita fyrirtækjaráðgjafar Kauppings í síma 444 7000 eða á info@kaupthing.is

INGVAR HELGASON **NOTAÐIR BÍLAR** • 100% FJÁRMÖG

HAETTU A

Hrikaleg verðlækkun á fjölda bíla í fjóra daga!



7.-10. nóvember

Saab 9-7X 5.3 V8

Ekinn 6 þús. Nýskr. 01/07. Bensín.
Verð áður: 5.360.000 kr.

72.000 á mánuði*
-380.000!

2006
Sjálfskiptur

Nú: 4.980.000 kr.



56.000 á mánuði*
-790.000!

Nissan Murano

Ekinn 24 þús. Nýskr. 12/05. Bensín.
Verð áður: 4.690.000 kr.

2005
Beinskiptur

Nú: 3.900.000 kr.



31.500 á mánuði*
-790.000!

Kia Opirus

Ekinn 64 þús. Nýskr. 08/04. Bensín.
Verð áður: 2.680.000 kr.

2004
Sjálfskiptur

Nú: 1.890.000 kr.



13.000 á mánuði*
-390.000!

Suzuki Ignis

Ekinn 59 þús. Nýskr. 11/04. Bensín.
Verð áður: 1.050.000 kr.

2004
Beinskiptur

Nú: 660.000 kr.



45.900 á mánuði*
-610.000!

Nissan Pathfinder

Ekinn 33 þús. Nýskr. 02/06. Dísel.
Verð áður: 3.760.000 kr.

2006
Beinskiptur

Nú: 3.150.000 kr.

HEILSÁRSDEKK Í KAUPBÆTI!

Allir sem kaupa notaðan bíl hjá okkur fá heilsársdekk í kaupbæti. Komdu strax í dag, skoðuðu úrvalið ogaktu heim á frábærum bíl sem er tilbúinn fyrir vetraraksturinn. Við tökum vel á móti þér!

*Miðað við bílasamning og 100% lán.



GNUN Á ÖLLUM BÍLUM • HEILSÁRSDEKK Í KAUPBÆTI

AÐ LEITA!

Opið til kl 22!

Í kvöld höfum við opið til kl. 22.00. Líttu við!

Komdu til okkar og skoðu ótrúlegt úrval notaðra gæðabíla, sem ALLIR eru á tilboðsverði! Við bjóðum hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á og raunverulega verðlækkun sem ekki býðst annars staðar. Einfaldlega góðir bílar á hlægilegu verði!



22.000 á mánuði*
-250.000!

Subaru Legacy

Ekinn 81 þús. Nýskr. 02/03. Bensín.
Verð áður: 1.390.000 kr.

2003 Nú: **1.140.000 kr.**
Beinskiptur



34.900 á mánuði*
-600.000!

Mazda Tribute

Ekinn 18 þús. Nýskr. 03/06. Bensín.
Verð áður: 2.990.000 kr.

2006 Nú: **2.390.000 kr.**
Sjálfskiptur



21.000 á mánuði*
-470.000!

Renault Laguna Berline

Ekinn 68 þús. Nýskr. 09/03. Bensín.
Verð áður: 1.460.000 kr.

2003 Nú: **990.000 kr.**
Beinskiptur



22.700 á mánuði*
-440.000!

Hyundai Santa Fe

Ekinn 62 þús. Nýskr. 02/04. Bensín.
Verð áður: 1.990.000 kr.

2004 Nú: **1.550.000 kr.**
Sjálfskiptur



23.200 á mánuði*
-400.000!

Honda CR-V

Ekinn 100 þús. Nýskr. 11/03. Bensín.
Verð áður: 1.790.000 kr.

2003 Nú: **1.390.000 kr.**
Beinskiptur



18.200 á mánuði*
-300.000!

Skoda Octavia

Ekinn 100 þús. Nýskr. 09/04. Bensín.
Verð áður: 1.290.000 kr.

2004 Nú: **990.000 kr.**
Beinskiptur



23.600 á mánuði*
-230.000!

Subaru Legacy 2.0

Ekinn 88 þús. Nýskr. 05/02. Bensín.
Verð áður: 1.220.000 kr.

2002 Nú: **990.000 kr.**
Sjálfskiptur



18.900 á mánuði*
-400.000!

Opel Astra 1.6 Enjoy

Ekinn 19 þús. Nýskr. 02/06. Bensín.
Verð áður: 1.690.000 kr.

2005 Nú: **1.290.000 kr.**
Beinskiptur

Með fyrirvara um innsláttarvillur.

FYRSTA GREIÐSLAN EFTIR ÞRÍJA MÁNUÐI!

Að sjálfsgöðu standa þér til boða hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á í dag. Allir bílar fást á 100% láni en auk þess kemur lánið ekki til afborgunar fyrr en að þremur mánuðum liðnum! Sölumenn á staðnum veita þér allar nánari upplýsingar og ganga frá lánsloforði og kaupsamningi fljótt og örugglega.

INGVAR HELGASON

Sævarhöfða 2 Reykjavík | Óseyri 5 Akureyri | Holtsgötu 52 Reykjanesbæ | Sími 525 8000 | www.ih.is



INGVAR HELGASON

„ORÐRÉTT“

Böns of monni

„Ég hef nógan tíma og það eina sem gerist er að lögfræðingurinn minn fær nóg að gera og fullt af peningum.“

PÁLL ÓSKAR HIÁLMTYSSON LOFAR AÐ LÁTA PÁ FINNA FYRIR ÞVI SEM HLAÐA NIÐUR TÓNLIST HANS Í LEYFISLEYSI.

Fréttablaðið 6. nóvember.

Gott fyrir nýbúa

„Þetta hentar líka vel fyrir nýbúa sem eru að byrja að læra málið og hætta sér ekki í 800 síðna skáldsögu til að byrja með.“

BRAGI ÓLAFSSON RITHÖFUNDUR UM SMÁRIT SITT OG EINARS ARNAR BENEDIKTSSONAR.

Morgunblaðið 6. nóvember.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? PÉTUR EINARSSON LEIKARI

Vondi karlinn í Gosa hættur að reykja

„Ég er að leika í leikritinu Ást á nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu, og það eru komnar um sextíu sýningar á því meistastykki. Ég er líka að leika vonda kallinn í Gosa auk þess sem ég er að æfa í kórnum í Superstar,“ segir Pétur Einarsson leikari aðspurður hvað hann sé að sýsla þessa dagana. Pétur segir að í fljótu bragði standi honum vinnan efst í huga enda nýkominn af æfingu þegar Fréttablaðið náði af honum tali. „Svo er ég líka að hjálpa fólki að hætta að reykja með aðferð sem heitir Easy Way,



þeirri sömu og ég notaði til að hætta árið 1988. Þetta er bresk aðferð sem ég kynntist og vaknaði upp á þriðja degi og vissi að ég var frjálsl. Ég hugsaði með mér að nú þyrfti ég ekki að reykja en dagana á undan þurfti ég alltaf að reyna að fullvissa sjálfan mig um að ég ætlaði ekki að reykja. Ég vissi þá að ég var laus, frjáls maður.“ Pétur segir að árangur þessarar aðferðar sé með eindæmum góður. Þrjár af hverjum fjórum losni við tóbakið í fyrstu tilraun og allir upplifi það sama. „Þetta er æðisgengið, ein sterkasta upplifun sem ég hef fengið í mínu lífi. Ég var ekki lengur þræll og þeir sem þekkja þetta vita hvað það er að vera á hnefanum við þetta.“ Pétur hefur hjálpað fólki að hætta að reykja í átta ár og

vildi með því deila með öðrum aðferð sem hann trúir að geti hjálpað öllum sem reykja. „Fyrst þetta hjálpaði mér, sem reykti tvo pakka á dag af öllu því eittraðasta sem hægt var að finna, þá getur þetta hjálpað öllum öðrum. Þetta er aðferð til að hjálpa fólki að skilja hvað hefur komið fyrir það. Við erum með hausinn fullan af ranghugmyndum, en þegar þú áttar þig á því þá verða þær ónýtar og truflla þig ekki meir.“

Pétur segir að honum hefði ekki tekist að halda heilsu til að vinna sem leikari ef hann hefði ekki losað sig við tóbaksbölið. „Né nokkuð annað, ég hefði drepit mig á nokkrum árum eins og þetta var orðið.“

Pétur segist nýta tólmundir sínar til að hafa það rólegt heima. „Ég glápi svoltitíð á sjónvarp og ligg í tölvunni eins og aðrir unglingar,“ segir Pétur að lokum.

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

FÆKKUN GISTINÁTTA ÚTLENDINGA

Fleiri en ekki færri

„Okkur finnst nú einmitt vera meira um útlendinga en hefur verið,“ segir Þorgeir Daniélsson, verslunarmaður í Vinnufatabúðinni á Laugavegi. „Yfirleitt hefur traffíkin af útlendingum dottið upp fyrir á þessum árstíma en nú eru þeir fleiri og hafa verið þó nokkrir undanfarna daga. Þetta er því kannski ekki fólk sem gistir hér heldur svona „stop-over“ farþegar sem gjarnan rata inn til okkar því við opnum snemma á morgnana,“ segir Þorgeir sem reyndar kveður sveiflurnar í fjölda útlendra ferðamanna ekki skipta miklu máli fyrir viðskipti



ÞORGEIR DANIELSSON Verslunareigandi í Vinnufatabúðinni á Laugavegi.

Vinnufatabúðarinnar: „Þetta fólk er flest aðeins að skoða. Það eru helst Norðmenn, Svíar og Danir sem kaupa eittvað. Amerikanar fá eiginlega bara taugaáfall þegar þeir kíkja á verðið. Þeir eru svo gjarnir á að bera saman verð á ódýrri framleiðslu og vandaðri merkjavöru sem hér er seld.“


Þorgeir bíður nú Íslendinganna sem koma í bæjarferð til að gera jólaínnkaup. „Þetta fólk er alveg að fara að koma. Það kemur með réttu stemninguna með sér.“

Herra með englarö

Í himinháu kirkjuskipi Hallgrímskirkju enduróma fallegir jólasálmar úr tærum og háttstemmdum drengjabörkum, en þeirra á meðal er sópranródd Gunnars Jökuls Gunnarssonar, 12 ára kórdröngs í Drengjakór Reykjavíkur.

„Ég byrjaði í kórnum í haust og vona að ég fari ekki í mútur fyrr en á fermingarárinu því þá get ég verið annan vetur í kórstarfinu,“ segir Gunnar Jökull þar sem hann gæðir sér á kekköku og vætir kverkarnar í sönghléi kórsins.

„Það smitaði út frá sér að fara í Drengjakórinn eftir að tveir skóla-



GUNNAR JÖKULL GUNNARSSON Kórdröngur í Drengjakór Reykjavíkur. Drengirnir syngja eins og englar, hegða sér eins og herrar og leika sér eins og strákar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HVAD STENDUR? Sennilega ekki nærsýni hér á ferð, en nótur geta verið flókna og þá til annarra hluta brúklegrar.



GETUR VERIÐ ERFITT Kirkjum fylgir friður og kórsöngur getur verið svæfandi, enda áliðið dags og farið að skyggja snemma.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga með 1800W mótör Verð áður kr. 24.600

Tilboð: **Kr. 15.990**

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:

- Hebafilter sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- Kolafilter sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- Parketbursti sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele heimilistækin.

35%
AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Garðabær hlýtur alþjóðleg verðlaun Dale Carnegie

„Það er auðvitað ánægjulegt að Garðabær skuli fá þessa viðurkenningu,“ segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, sem tók við leiðtogaverðlaunum Dale Carnegie í gær fyrir hönd Garðabæjar.

Verðlaunin eru veitt fyrirtækjum og einstaklingum sem þykja skara fram úr á sviði mannauðs-stjórnunar og hafa sýnt frumkvæði og sköpun í starfsemi fyrirtækja sinna. Það var Jean-Louis Van Doorne, fulltrúi Dale Carnegie and Associates, sem afhenti verðlaunin í Jónshúsi í Garðabæ.

Tilfni verðlaunanna er sú ákvörðun Garðabæjar að bjóða unglingum í Garðabæ upp á námskeiðið Næstu kynslóð, í samvinnu við Dale Carnegie. Námskeiðið er í boði fyrir alla nemendur í 9. og 10. bekk í Garðabæ. „Þessi hugmynd kviknaði fyrir dálitlu síðan,“ segir Gunnar. „Við veltum fyrir okkur með hvaða hætti við gætum boðið okkar unga fólki upp á svona námskeið og að lokum náðum við

samkomulagi við Dale Carnegie um að fara hér af stað með tilraunaverkefni.“

Gunnar segir tilganginn með verkefninu vera að efla sjálfstraust ungs fólks og námskeiðið muni nýtast því síðar á lífsleiðinni. „Þetta er auðvitað háþrúð aðferð hjá Dale Carnegie og með þessu erum við að bjóða upp á meira en skólakerfið gerir. Ég man að þegar ég var 25 ára fór ég á svona námskeið. Fæstir fæðast með þá hæfileika að geta staðið upp á fundum og samkomum og haldið ræðu en eftir námskeiðið fannst mér það bæði auðveldara og skemmtilegt. Þetta er bæði til þess fallið að efla þátttöku í lýðræðinu sem og til að styrkja einstaklingana sjálfa: að hjálpa hverjum og einum að ná fram því besta hjá sjálfum sér.“

- bs

VERÐLAUNIN AFHENT Jean-Louis Van Doorne, fulltrúi Dale Carnegie and Associates, afhenti Gunnari verðlaunin í Jónshúsi í Garðabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



dd

félagar mínir byrjuðu að æfa söng, og nú erum við sex vinir úr Hlíðunum sem mætum hingað tvö síðdegi í viku,“ segir Gunnar Jökull, en Drengjakór Reykjavíkur var stofnaður 1990.

„Ég hef alltaf haft gaman af tónlist og sérstaklega því að syngja. Ég lærði á saxófón í þrjá vetur, en fannst það of tímafrekt því ég æfi líka körfubolta með Val. Tónlistarnámið nýtist samt vel og ég get lesið nótur reiprennandi á kóræfingum þar sem ég þekki öll merki og veit hvar á að anda eða stoppa,“ segir Gunnar Jökull, en stjórnandi Drengjakórsins er Friðrik S. Kristinsson, sem einnig stjórnar Karla-kór Reykjavíkur.

„Við æfum nú jólalög sem við munum flytja með Karlakórnum á jólatónleikum. Ég er mikið jólabarn og hlakka alltaf til að mæta á kóræfingar,“ segir Gunnar Jökull og dregur upp poka með dimmrauðum Heimaeyjarkertum sem þeir kórdrengir selja til að fjármagna söngferðalag næsta sumar.

„Við ætlum í tónleikaferð til Barcelona í júní, svo ég verð þar á afmælisdaginn,“ segir hann glaður í bragði. „Ég er dálítið vanur að syngja á tónleikum síðan ég var í Barnakór Háteigskirkju, en enn sem komið er hef ég bara sungið í mánaðarlegum messum með Drengjakórnum. Kóratónlist er í uppáhaldi hjá mér eins og pabba. Hann á marga diska með karlakórnum sem mér þykir gaman að heyra, en reyndar finnst mér flest tónlist skemmtileg og hlusta mest á útvarp,“ segir Gunnar Jökull sem senn kemst á unglingsaldur, og honum fylgja oft hljómsveitardraumar.

„Ég gæti þá í það minnsta verið söngvarinn og spilað á saxófón, en allir í kórnum syngja mjög vel. Þetta er bara frábært; að vera inni í fallettri kirkjunni, því ég trúi á guð, og líka að kynnast enn fleiri strákum.“

thordis@frettabladid.is

OFNÆMI... NEI TAKK



ENNEAM / SIA / NMS0592



ÞESS VEGNA INNIHALDA NÝJU BARNAVÖRURNAR FRÁ NEUTRAL ENGIN ILMEFNI EDA ÓNAUÐSYNLEG VIÐBÓTAREFNI

Þriðjungur allra barna á það á hættu að fá ofnæmi. Notkun ilmefna og ónauðsynlegra viðbótarefna eykur þá hættu. Neutral vill ekki stuðla að ofnæmi. Þess vegna innihalda nýju barnavörurnar frá Neutral engin aukaefti og eru allar heilbrigðisvottaðar í samstarfi við astmasérfræðinga. Það er framlag Neutral til heilbrigðrar húðar.

Neutral
verndar viðkvæma húð

15%
vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is



75 ára | spron

Flísar og málning fyrir jóla Múrbúðarverði!



Mustang. Náttúrusteinn. 30x60 cm, kr. pr. m²:

2.190,-



Granit. 45,7x45,7 cm kr. pr. m²:

2.900,-



Veggflísar. Hvítar. 15x15 cm kr. pr. m²:

795,-



Gólfflísar. 33,3x33,3 cm kr. pr. m²:

1.195,-



Mósaik Verð frá kr. pr. m²:

1.590,-



Martinelli. Póleruð flís. 60x60 cm kr. pr. m²:

1.900,-



Málning – Dekacryl 7 10 lítrar. Kr.

2.990,-



Málning – Dekapro 10 Gljástig 10, 10 lítrar. Kr.

3.150,-



Málningarrúllusett – Mako Kr.

585,-



Spartl – Dalapro medium 3 lítrar. Kr.

874,-



Masterlakk – Gluggalakk Akryl. Gljástig 40. 1 líter Kr.

868,-



Gólfmálning – Scala 2,5 lítrar. Kr.

2.685,-

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Opið
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

HÁLFS ÁRS FERÐALAG

Fjögur ungmenni kynntu sér ólíka menningarheima þrettán landa í Suður-Ameríku, Eyjaálfu og Asíu á aðeins hálfu ári.


FERÐIR 3



FYRSTA ÁRIÐ Í MYND

Harpa Hrund Njálisdóttir ljósmyndari býður upp á 13 mánaða myndapakka þar sem verðandi móðir er mynduð fyrir fæðingu og barnið mánaðarlega eftir fæðingu.

BÖRN 4




allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar



Næsta námskeið hefst
14. nóvember

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300



Perla Rós ætlar að verða prinsessa þegar hún verður stór.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Ætlar að verða Þyrnirós

Perla Rós Árnadóttir er fimm ára stelpa í Kópavoginum sem veit fátt skemmtilegra en að vera í prinsessuleik en á þó ýmis önnur áhugamál, enda snjóll stelpa hér á ferð.

„Mér finnst skemmtilegast að leika mér með dótið mitt en uppáhaldsdótið mitt er hjólið. Mér finnst gaman að fara í hjólatúr með mömmu og pabba en annars geymum við bara hjólið úti í geymslu,“ segir Perla Rós og þegar hún er spurð hvort hún sé ekki alltaf með hjálm á hjólinu svarar hún játandi á innsgöngu og bætir við alvarleg: „Maður er með hjálm svo maður meiði sig ekki á höfðinu og svo að hauskúpan brotni ekki.“

Næst snýr Perla Rós sér að jólonum sem hún hlakkar mikið til. „Á jólonum fær maður dót ef maður þarf að fá dót og það er gaman að opna pakka,“ segir hún ánægð en þessi jólin langar hana helst að fá dúkku með þrjá hunda. En hvað borðar Perla Rós á jólonum? „Bara önd með brauði,“ segir hún.

Perla Rós er á leikskólanum Hvarfi og finnst henni það vera góður leikskóli og unir sér þar vel. „Mér finnst skemmtilegast að leika mér bæði úti og inni. Ég og Birgitta og Eva María erum að fara í fótbolta í dag,“ segir hún full tilhlökkunar og þrátt fyrir að

hafa gaman af að hamast í fótbolta og leika sér með bíla er Perla Rós líka mikil dama og þegar spurt er hvaða leikir henni finnst skemmtilegastir stendur ekki á svarinu: „Mömmó og prinsessuleikur,“ segir hún einlæg og bætir við: „Ég var einu sinni í prinsessubol og á alls konar prinsessudót.“

Prinsessuáhuginn er augljóslega mikill þar sem Perla Rós ætlar að verða Þyrnirós þegar hún verður stór. En ætlar hún þá bara að sofa og sofa? „Þyrnirós var ekki bara sofandi, hún svaf bara þínu og þegar hún vaknaði fór hún að leika sér með dótið sitt,“ segir Perla Rós ákveðin. „Ef ég væri prinsessa þá myndi ég vilja eiga heima í Vík í stóru húsi með kertum og mamma og pabbi væru með mér þar,“ bætir hún við dreymandi en í Vík búa amma og afi sem gaman er að heimsækja.

Perla Rós á tvö yngri systkini og er ábyrgðarfull stóra systir. „Ég kenni litlu systur minni og ég sýni henni hvernig maður á að hegða sér,“ útskýrir Perla Rós en hún á líka lítinn bróður. „Litli bróðir minn er góður en hann er alltaf við hliðina á mömmu og pabba,“ segir hún og finnst hann greinilega þurfa töluverða athygli þó að hún sé augljóslega stolt af litla manninum. Með þeim orðum kveðjum við litlu prinsessuna í Kópavogi sem trítlar spennt í leikskólann á leið í fótbolta.

hrefna@frettabladid.is

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550-5000.

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Slökunarstólar

í miklu úrvali

Nýtt

Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólinum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar

Verð m/ákl. kr. 75.000.-
Verð m/leðri kr. 95.000.-



www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar þetta verður þú að prófa!



Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

Verð m/ákl. kr. 39.000.-
Verð m/leðri kr. 59.000.-



Tilboðsverð aðeins kr. 59.500.-

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl. 10-18 / Laugard. kl. 11-16



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hróð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMIDJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · Sími: 567 7360

**STÝRISENDAR,
SPINDILKÚLUR
OG FÓÐRINGAR**
í jeppa í miklu úrvali

Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

ekill ehf

Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill öskuskóli er eini öskuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólánámskeið.

**Næsta námskeið hefst
9.nóvember á Akureyri.**

Ekill öskuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**



Sigrún A. Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og sviðstjóri slysavarnasviðs Landsbjargar, með sjúkrapakkan „Fyrstu hjalp“ frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, sem ávallt ætti að vera til staðar í öllum bifreiðum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heil og sæl heim

Á veturnum getur stutt ferðalag fengið óvæntan endi. Skemmst er að minnast þess þegar hundruð bíla voru föst yfir nótt í Þrengslunum þegar óvænt skall á með óveðri og mikilli ófærð. Undir morgun voru margir orðnir glorsoltir, útkeyrðir og með kuldahroll af vistinni, enda illa búnir miðað við árstíma.

„Ýmislegt þarf að hafa í huga í láglandisferðum að vetri til, ekki síður en þegar menn aka upp á hálandið,“ sagði Sigrún A. Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur

og sviðstjóri slysavarnasviðs Landsbjargar, þegar leitað var til hennar um skynsamlegan útbúnað venjulegra fólksbíla á veturnum, þegar allra veðra er von og færð getur spillt á augabragði.

Sigrún setti saman lista fyrir lesendur að styðjast við þegar heimilisbíllinn er búinn fyrir dyntóttar móttökur Vettrar konungs.

„Þar kemur fram það sem gerir ferðina öruggari, en einnig ættu þeir sem taka lyf að staðaldrí að taka aðeins af mikið með sér, í stað þess sem eingöngu ætti að duga til ferðarinnar, því það er aldrei að vita hvort eitthvað komi upp á. Þetta sama á við um bleiur og annað sem tilheyrir ung- og smábörnum.“ thordis@frettabladid.is

Bílaþjónusta Magga

Viðgerðajónusta - Smurþjónusta - Pústþjónusta - Hjólbarðajónusta - Bón og þvottur

TILBOÐ
á umfelgun 3.495 kr. og Alþrif 5.490 kr

*tilboðið gildir út 2007

Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opíð. 9-18 og 9-16 á laugardögum

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bíllinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

Það sem þarf að huga að í láglandisferðum að vetri til:

Í tengslum við bíllinn:
Er bíllinn í góðu lagi?
Er nægjanlegt eldsneyti á bílnum?
Eru dekkín góð? (einn af mikilvægustu þáttunum, sérstaklega að vetri til)
Eru dekkín hrein? Þvo þarf af þeim tjöru sem safnast á þau.
Er rúðuskafa, (teygju)spotti og skófla með í för?
Eru startkaplar til staðar í bílnum?
Er allt með sem þarf til að skipta um dekk?

Annað sem þarf að huga að:
Eru sjúkragögn í bílnum?
Eru góður skóbúnaður fyrir alla sem eru með í för?

Er hlýr fatnaður fyrir alla í ferðinni; kulda-galli, peysa, húfa, vettlingar og ullarsokkar?
Hljár ábreiður getur verið gott að hafa með í för ef eitthvað kemur

upp á og dvelja þarf í bílnum í einhvern tíma.
Eru fjarskiptin í lagi og GSM-sím-inn hlaðinn?

Er neyðarfæði til staðar? Neyðarfæðið á ekki að hugsa sem hluta af nesti ferðarinnar heldur bara til að borða ef eitthvað kemur upp á.

Gott er að hafa það orkuríkt og huga þarf líka að drykkjum tengdum því.

Ef börn eru með í för er gott að huga að þeim þáttum sem hafa ofan af fyrir þeim eins og tónlist, leikjum, bókum og spilum. Eru plastpokar með í för? Veður á Íslandi getur auðveldlega orðið þannig að ekki er hægt að fara út til að léttja á sér og þá geta þeir komið að góðum nótum.

Góð ferðaheiliræði:

Kynnið ykkur alltaf færð og veður áður en lagt er af stað, líka þó bara eigi að fara stutta vegalengd. Ekki fara af stað án þess að skilja eftir ferðaáætlun hjá einhverjum nákomnum. Í ferðaáætlun þarf að koma fram hvert ferðinni er heitið, hverjir eru með í för og hvenær áætlað er að koma til baka. Ef plön breytast er mikilvægt að láta vita af breytingunum. Munið að ferðaáætlun á ekki bara við í lengri ferðum.

Ef eitthvað kemur upp á og ekki er hægt að halda áfram, haldið kyrru fyrir í bílnum. Bíllinn veitir skjól og lítið mál er að finna hann miðað við einstaklinga á göngu.

Enginn verður að minni manni fyrir að snúa við í tæka tíð ef veður og færð eru tvísýn.

Allir með bílbeltin spennit og börn í viðeigandi öryggisbúnaði sem hæfir aldri og þyngd þeirra. Farangur festur til að hann valdi ekki slysum á þeim sem í bílnum eru ef bíll til dæmis veltur.

Sendum frítt um land allt!


Felgustærðir: 15", 16" og 17"
Úrval jeppadekkja upp í 38"

JEPPADEKK.is



Þrjár álfur, þrettán lönd

Fjögur ungmenni stukku milli þriggja heimsálfa og þrettán landa á aðeins hálfu ári. Ferðin sýndi þeim undur og ólíka menningarheima Suður-Ameríku, Eyjaálfu og Asíu.



Renata Sigurbergsdóttir, lengst til vinstri, ásamt Óskari Inga Magnússyni, Gyðu Erlingsdóttur og Hauki Hólmsteinsyni við stærstu og frægustu fossa veraldar; Iguazu-fossana á landamærum Argentínu og Brasilíu, en fjórmenningarnir standa Argentínunumegin.

MYND/RENATA SIGURBERGSDÓTTIR

en ferðin varð eins og við vonuð-umst eftir þótt tími væri naumt skammtaður í hverju landi og mikill menningarmunur að upplifa á skömmum tíma," segir Renata um ferðalagið, sem samtals kostaði um 1,2 milljónir króna á mann.

„Það kom sér vel að ferðast á deyfðartíma því þá var auðvelt að breyta plönun og alltaf laust á farfuglaheimilum, sem við gistum á alls staðar. Flugmiðinn kostaði tæp 270 þúsund og sjálfsgaft hefðum við getað eytt minna, en það er fátíðlegt að spara í svona ferð. Við vorum markvisst á ferð um lönd og staði sem við förum tæpast til aftur og nutum þess að skoða það sem okkur dreymdi um að sjá og upplifa," segir Renata, sem þótti gaman að spá í mannfræði þeirra menningarheima sem hún sótti heim.

„Maður kynnist þó sjálfum sér best í svona ferðum og finnur hvað maður veit lítið um heiminn, lífið og tilveruna. Ég upplifði sterkt hvað við Íslendingar njótum mikilla forréttinda, erum full sjálfstrausts og höfum það gott. Þá stendur upp úr allt fólk sem maður kynnist, því á farfuglaheimilum eru samskipti meiri við aðra gesti en á hótélum. Eftir standa vinir úr öllum heimshornum sem taka á móti manni í sínu landi og maður fagnar hér heima þegar aftur er haldið af stað og aðrar slóðir heimsóttar," segir Renata, sem annað kvöld klukkan 20 segir frá langferð sinni um Suður-Ameríku í Farfuglaheimilinu í Laugardal ásamt Óskari Inga Magnússyni ferðafélaga sínum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

thordis@frettabladid.is



Hin stórglæsilega Vetrahöll í Pétursborg er meðal þess sem verður skoðað í áramótaferð Bændaferða til Rússlands.

Áramót í Rússlandi

Enn eru nokkur sæti laus í áhugaverða áramótaferð Bændaferða til Pétursborgar og Moskvu en ferðin stendur yfir frá 28. desember 2007 til 5. janúar 2008.

Í ferðinni gefst tækifæri til að skoða frægustu borgir Rússlands. Gist verður í fjórar nætur í Pétursborg. Þar verður Vetrahöllin skoðuð auk dómkirkju heilags Ísaks og hallar Katrínar miklu í Pushkin áður en snæddur verður kvöldverður að rússneskum sið. Árið verður kvatt með kvöldverði í Pétursborg og haldinn verður sérstakur nýárskvöldverður ásamt dansleik.

Loks verður gist í tvær nætur í Moskvu þar sem farið verður í skoðunarferðir um Kremli, Rauðatorgið, Tretjakov-listasafnið og fleira.

Prag

12. eða 18. nóvember

frá kr. 34.990

Frábært
líxustilboð
5 stjörnu gisting

Hotel Corinthia Towers 5*

Nú er upplagt að skreppa til Prag og dekra við sig í aðbúnaði í þessari einstaklega fögru borg. Fararstjórar okkar gjörþekktu borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu. Þjóðum frábært sértílið að Hotel Corinthia Towers sem er glæsilegt fimm stjörnu hótél. Haustið er frábær tími til að heimsækja borgina. Griptu tækifærið og skelltu þér í til þessarar frábæru borgar og njóttu þess að hafa allan aðbúnað í toppi. Ath. aðeins fá herbergi í boði á þessum kjörum.

Verð kr. 34.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi 12. nóv. í 3 nætur á Hotel Corinthia Towers ***** með morgunmat. Fjögurra náttu ferð 18. nóv. kr. 4.000 aukalega (sama gisting).

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimagisting á besta staði í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

GISTING Í HÖRPUHÚSI

Gisting í Kaupmannahöfn

Hús á góðum staði í Kaupmannahöfn til leigu til styttri eða lengri tíma. Frábært gisting fyrir fjölskyldur og smáa hópa – gistiaðstaða fyrir allt að 8 manns.

Nánari upplýsingar í síma 822-3890 eða harpa@surprizetravel.is.
Sjá einnig upplýsingar á <http://surprizetravel.is/gistingdk.html>

20% afsláttur

Gott saman við kvefi

PANODIL HOT 500 mg skammtar. Hitalækkandi og verkjastillandi lyf. Hver skammtur inniheldur 500 mg af paracetamol.

SKAMMTAR:

Fullorðnir: 1-2 skammtar (0,5 g - 1 g) á 4-6 klukkustunda fresti, mest 4 g á sólarhring. Börn, 15 ára og eldri: 10-15 mg/kg líkamsþyngdar á 4-6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring.

SÉRSTÖK VARNADARORÐ OG VARÚÐARREGLUR VIÐ NOTKUN: Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta hjarta- eða nýrnastarfsemi og með lífrarsjúkdóm. Skammtarnir innihalda aspartam. Aspartam umbrotnar í fenýlalanín; þetta skiptir máli hjá börnum með fenýlketónúriu.

AUKAVERKANIR:

Mjög sjaldgæfar (<0,1%): Almennar: Ofnæmi; Húð: Útbrot; Lifur: Skert lífrarstarfsemi. Skert lífrarstarfsemi við notkun paracetamóls hefur komið fram í tengslum við misnotkun áfengis. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrmaskemmdum.

Lesið fylgiseðlinn fyrir notkun.



Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið



Fyrsta árið fest á filmu

Harpa Hrund Njálisdóttir opnaði Ljósmyndaver Hörpu Hrundar árið 2005 og hefur frá upphafi boðið upp á 13 mánaða myndapakka fyrir verðandi og nýbakaða foreldra.

„Mér datt þetta í hug eftir að ég átti dóttur mína en í brjóstapokunni fyrstu vikunnar gleymdi ég að taka almennilegar myndir af henni. Mér fannst sniðugt að geta boðið upp á reglulega myndatöku af börnum fyrsta árið því þau breytast aldrei jafn mikið,“ segir Harpa Hrund.

„Óftast gengur þetta þannig fyrir sig að óléttar konur koma til mín í bumbumyndatöku. Ég tek mynd af kúlunni og stundum taka þær makann eða eldri börnin með. Sumar konur vilja vera í fötum en aðrar eru berar að hluta eða öllu leyti og fer það allt eftir óskum,“ segir Harpa Hrund. Síðan er komið með barnið mánaðarlega þar til það nær tólf mánaða aldri.

„Ég hvet foreldra yfirleitt til að koma eins fljótt eftir fæðinguna og það treystir sér til því krílin eru svo fljót að breytast og stækka. Sumir hafa komið beint af fæðingarveildinni eða í kringum fimm daga skoðunina,“ segir Harpa Hrund. Ein mynd er valin í hvert skipti og sett í albúm en ef taken heppnast vel og barnið er vel upplagt freistast foreldrar að sögn Hörpu stundum til að kaupa aukamyndir. „Þá er líka sniðugt að nota

Harpa Hrund heldur hér á Alexöndru Líf Haraldsdóttur sem samstarfskona hennar á.
FRÉTTABLAÐID/VALLI



einhvern mánuðinn til að taka mynd af allri fjölskyldunni eða af systkinum,“ bætir hún við.

Harpa segist í fyrstu hafa haft áhyggjur af því að fólk myndi ekki finna sér tíma til að koma einu sinni í mánuði en hún segir þetta yfirleitt mikið tilhlökkunarrefni og verður myndatökan að föstum liði. „Fólk tekur með sér alls kyns fót og hluti og kemur með hugmyndir að næstu myndatökum. Ég tek alltaf góðan tíma í hverja töku og

geri hlé ef barnið þarf að borða eða ef þarf að skipta á því.“

Aðspurð segist Harpa Hrund hafa mikla ánægju af starfi sínu og segir gaman að geta sameinað vinnu og áhugamál. Hún segir að myndirnar séu foreldrunum og börnunum mikils virði og að auk þess séu börnin orðin að þrælvönum fyrirsætum að árinu liðnu. „Mér finnst ég líka eiga svoltiði í þeim eftir þessa tólf mánuði og kveð þau nánast með tárnum.“

vera@frettabladid.is

medela
Harmony™
Handdæla

Nú ef hverjum tíu mæðrum velja Medela fram yfir aðrar brjóstadælar!

Órvar fyrst og mjólkur svo

YM
www.ymus.is

ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500

KVÖLDSÖGUR

fimmtudagskvöld kl. 22

BYLGJAN 989

ALLIR ERU AD HLUSTAR



Almar Páll var fyrsta barnið sem Harpa Hrund tók seríu af. Hér er hann eins mánaðar.

Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstaklega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

Ungbarna andlitskrem - Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólubláum geislum. Sólvarvörn SPF 18, vitamin A&E.
Bossakrem - Mýkir og verndar bleyjusvæði gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vitamin. Mjög gott á bruna.
Bossablautklútar - Handhægir klútar í ferðapakkingu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalauris. Ph gildi 5,5.
Ungbarna baðsápa - Sérlega mild og rakagefandi kremsápa "sápulaus". Innih. A&E vitamin.
Ungbarna sjámpó - Milt sjámpó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
Ungbarna húðmjólk - Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vitamin. Ph gildi 5,5.
Ungbarna olía - Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vitamin.



Fæst í apótekum um land allt

Einkamál

18plús.is

Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

Auglýsingasími
512 5050



- Mest lesið

TILKYNNINGAR



Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Breyting á efnistökusvæðum í 1. áfanga Norðaustur-vegar til Vopnafjarðar.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is. Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **6. desember 2007**.

Skipulagsstofnun



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Gvendargeisli 13

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grafarholt austur vegna stækkunar á lóð fyrir leikskóla að Gvendargeisla 13.

Tillagan gerir ráð fyrir að lóð stækki um 700 m² og verði því um 0,44 ha. Gert er ráð fyrir tuttugu og einu bílastæði á lóð og er aðkoma bíla að sunnan frá Gvendargeisla. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Grensásvegur 1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Skeifunnar – Fenin vegna breytinga á lóðinni Grensásvegur 1. Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að byggingareit á austurhluta lóðarinnar er breytt og verður fjórar hæðir, nýr byggingareitur verður við Grensásveg og verður hús þar fimm hæðir og á milli þessara byggingareita verður tengibygging upp á tvær hæðir. Undir húsum verður bílakjallari á allt að þremur hæðum, 390 bílastæði ofan jarðar og neðan. Nýtingarhlutfall lóðar verður 1,5 og með bílakjallara 2,99. Allar nógildandi kvaðir eru óbreyttar og að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **7. nóvember 2007 til og með 19. desember 2007**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.

Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 19. desember 2007. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 1. nóvember 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

ATVINNA ÓSKAST

Tannsmiður óskar eftir starfi

Útskrifaðist 2007. Get byrjað strax.

Upplýsingar í síma: 695-4595.

ATVINNA

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

Vilt þú vinna

Þar sem Íslendingum finnst skemmtilegast að versla

Við leitum að tveimur starfsmönnum á besta aldri til að skipta með sér starfi við afgreiðslu úr kjötbörði okkar í Hagkaup vinnutími aðra vikuna frá 9-15 og hina vikuna 15-20

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



TILKYNNINGAR

Viðskiptavinir athugið!

Þjónustumiðstöðin á Laugavegi 114 og hjálpartækjamiðstöðin í Kópavogi loka kl. 14.30, miðvikudaginn 7. nóvember vegna starfsmannafundar.



TRYGGINGASTOFNUN



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Leikskólinn Kirkjuból

- Matráður óskast sem fyrst í 50% starf, vinnutími 9.00 – 13.00
- Leikskólakennari eða leiðbeinandi óskast í fullt starf.
- Einnig óskast leikskólakennari eða leiðbeinandi í hlutastörf.
- Sérkennslustjóri óskast í 75% starf

Nánari upplýsingar veitir Marta Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma 565 6322 eða á kirkjubol@leikskolarnir.is

Fræðslu- og menningarsvið

Ef þú hefur reynslu af að reka heimili, þá er þetta starf sem hentar þér!

Að sjá um Subway stað er eins og að sjá um heimili, stjórnun og hagkvæmni eru lykilatriði. Starfið felur í sér að þjálfa og stjórna ungu starfsfólki, skipuleggja vaktir, panta og hafa umsjón með birgðum, þrif, sjá um uppjör og skýrslugerð ásamt því að afgreiða og þjónusta viðskiptavinum.

Subway leitar að verslunarstjóra í 100% starf. Um er að ræða dagvinnu og býður starfið upp á sveigjanleika í vinnutíma. Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir, jákvæðir og eiga gott með að vinna með ungu fólki.

Æskilegur aldur er 25-50 ára. Góð laun í boði.

Þú finnur umsóknareyðublað á www.subway.is.

Einnig er hægt að sækja um á stöðunum.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember

Nánari upplýsingar veitir Anna Gyða í síma 530 7004

SUBWAY

SUBWAY
í finu formi

TILKYNNINGAR

Menntaskólinn við Hamrahlíð STÖÐUPRÓF Í desember 2007



Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:

Mánudaginn 3. des.	Kl. 18:00	Þýska (ÞÝS103 - 403)
Þriðjudaginn 4. des.	Kl. 18:00	Stærðfræði. (STÆ103, STÆ203 og STÆ263)
Miðvikudaginn 5. des.	Kl. 16:00	Danska (DAN103 - 203)
Fimmtudaginn 6. des.	Kl. 18:00	Spænska (SPÆ103 - 403)
Laugardaginn 8. des.	Kl. 10:00	Norska (NOR103 - 203) og sænska (SÆN103 - 203)
Mánudaginn 10. des.	Kl. 18:00	Ítalska (ITA103 - 403)
Miðvikudaginn 12. des.	Kl. 18:00	Franska (FRA103 - 403)
Fimmtudaginn 13. des.	Kl. 16:00	Enska (ENS103 - 303)

Skráð er í stöðupróf á heimasíðu skólans.

Prófjald, kr. 3500 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis prófdag, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka og sýna kvittun í prófinu. Ef greiddandi er annar en próftaki þarf það einnig að koma fram. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðuneytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendum sem fallið hafa á annar- eða bekkjarprófi.

Rektor.

Ólög skríða inn

UMRÆÐAN

Breytingar á jafnréttislögum

Þegar múslimar mótmæltu skopmyndum af Múhameð spámanni voru Íslendingar lítið hrifnir. Ekki vegna þess að þeim sé illa við múslima og vilji



JÓHANN M. HAUKSSON

hafðir vitlausir í þessum bókum. Þar að auki, ef rétt er að banna svona auglýsingar, hlýtur þá ekki það sama að eiga við um aðra opinbera umfjöllun? Til dæmis skopmyndir af Múhameð...

Annað sem vekur athygli er hve almennt ákvæðið er orðað. Ansi margt getur verið túlkað sem einhverjum til minnkunar eða lítilsvirðingar. Einnig er hægt að hafa mismunandi skoðanir á því hvað kann að stríða gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna. Tala nú ekki um þegar við er bætt „á nokkurn hátt“. Ekki er að efa að feministar munu taka þessum lögum fagnandi, þar sem þeir eru bæði húmorlausir þegar kemur að málum er varðar kynin, og einnig haldnir þeirri leiðinlegu áráttu að skipta sér af því hvað annað fólk hugsar og gerir. Fræg Smáralindarauglýsing þótti klámfengin og konum til lítil-lækkunar. Banna hana! Feministum finnast fegurðarsýningar lítilsvirðandi fyrir konur. Banna auglýsingar um þær! Öll kynlifstengd viðskipti eru eiturt í beinum þeirra. Banna slíkt! Gömul auglýsing þar sem Rósa Ingólfsdóttir dansaði hálfber innan um kappklædda karla olli mikilli hneykslan. Banna hana!

Í raun er þessi 29. grein lagafrumvarpsins röng út frá prinsippi tjáningarfrelsisins að maður á að mega tjá sig um hópá þó svo það kunni að særa þá. Við eigum að mega gera grín að Múhameð eða svertingjum, víkingum eða bændum, kórlum eða konum. Við eigum líka að geta sagt opinberlega, hvort sem það er í auglýsingu eða ekki, eitthvað sem kann að vera túlkað sem hópum til lítilsvirðingar eða minnkunar.

Höfundur er doktor í stjórnmálafræði.

særa þá, heldur vegna þess að Íslendingum er annt um málfrelsi. Það birtist þarna í því að dönsku teiknararnir máttu móðga múslima; fáir hér á landi hefðu verið fylgjandi lagabókstaf sem hefði meinað þeim það. Mergurinn málsins er að skv. mannréttindum á fólk að mega gera grín að hópum, gagnrýna þá eða veða að þeim á annan hátt, þó að einstaklingar séu varðir af lögum. En nú bregður svo við að í lög á að setja ákvæði sem dregur úr þessum réttindum hér á Íslandi. Í frumvarpi um breytingar á jafnréttislögum stendur til að banna auglýsingar (29. gr), hvort sem er í fjölmiðlum eða annars staðar á opinberum vettvangi, sem kunna að vera „öðru kyninu til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt“.

Tvennt vekur athygli. Í fyrsta lagi prinsippið sjálft. Hér á að banna auglýsingar þar sem hópur (karlar eða konur) er lítilsvirtur eða eitthvað sagt sem honum kann að vera til minnkunar. En ef það er rétt að banna svona auglýsingar sem lúta að kynjunum, hlýtur ekki að vera jafn rétt, og því sjálfsgöð krafa, að það sama eigi við um aðra hópá: Homma og lesbíur, svertingja og indjána, búddista og múslima? Og þá er strax komið bann við að „Tíu litlir negrastrákar“ sé auglýst. Það sama á við um „Tinni í Kongó“ eða „Ástríkur og víkingarnir“ ef vísað væri til þess, í auglýsingunum, hve svertingjar eða víkingar eru

Ógild sameining

UMRÆÐAN

Samruni REI og GGE

Ég tel að sameining Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy sé ógild. Fundurinn sem ákvað sameininguna var ekki boðaður með löglegum fyrirvara. Boða átti fundinn með sjö daga fyrirvara en fundurinn var boðaður með innan við eins dags fyrirvara.



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Deila um það hvort Vilhjálmur Vilhjálms-son hafi fengið minnisblað um 20 ára einkaréttarsamninginn skiptir engu máli í þessu sambandi. Ef það minnisblað hefur verið lagt til hans ásamt fjölda annarra skjala hefur alla vega ekki verið vakin athygli hans á þessu mjög svo mikilvæga atriði. Það er ámælisvert. Auðvitað átti að vekja sérstaka athygli á þessu atriði. Hér hafa embættismenn og stjórnarmenn í REI brugðist skyldu sinni varðandi það að kynna efni ráðgerðra samninga nægilega vel.


Ekki verður séð að neina nauðsyn hafi borið til þess að hespa afgreiðslu framangreinds máls af í flýti. Kaupsýslumenn í einkarekstri eru að vísu vanir að afgreiða málin hratt. En stjórn-málamönnum ber að taka nægilegan og lýðræðislegan tíma í að afgreiða málin. Því verður ekki trúað að kaupsýslumennirnir hafi viljað hespa afgreiðsluna af til þess að stjórn-málamenn gætu ekki kynnt sér málið nægilega vel. Mál þetta verður að takast fyrir á ný. Eldri afgreiðsla er ógild.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

Lögmæti fundarins hefur verið kært til héraðsdóms. En auk þess var samningur um samruna útrásarfyrirtækjanna (REI og GGE) ekki kynntur nægilega vel fyrir borgarfulltúum. T.d. liggur nú fyrir, að hvorki borgarstjóri né óbreyttir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vissu um 20 ára einkarétt REI á þjónustu frá Orkuveitunni. Hinir óbreyttu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vissu ekki um ráðgerða sameiningu útrásarfyrirtækjanna fyrirfram. Hér er um svo stór mál að ræða að kynning gagnvart borgarfulltrúum verður að vera í fullkomnu lagi. Það á bæði við um sameiningu útrásarfyrirtækjanna en einnig og ekki síður um 20 ára einkaréttarsamninginn.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum um að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



Þrefaldur
pottur **3**

340

milljónir

Bónus-
vinningur

38

milljónir

170+170

1. vinningur



STÆRSTI BÓNUS FRÁ UPPHAFI

Nú er komin upp sú sjaldgæfa staða að þú getur hugsanlega unnið þrefaldan pott í Víkingalottóinu og þar að auki allt að 38 milljónir í bónusvinning sem er lang stærsti frá upphafi. Mundu að allt er þá þrennt er!

V Í K I N G A
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Ekki missa af þessu!
Fáðu þér miða fyrir
kl. 17.00 í dag



Pósthúsið ehf. er ungt og öflugt dreifingarfyrtæki á sviði blaða-, bréfa- og vörudreifingar. Fyrirtækið keppir að því að vera í forystu á sviði dreifingarþjónustu með því að bjóða viðtæka og áreiðanlega þjónustu á góðu verði.

Fjárhagsdeild Pósthússins ehf. leitar að öflugum liðsmanni.

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf er felur í sér færslu bókhalds, afstemmingar, samskipti við lánadrottna og innheimtuaðila. Viðkomandi sér einnig um innkaup rekstrarvara auk annara tilfallandi verkefna.

Við erum að leita að öflugum bókkara með yfirgripsmikla bókhaldsreynslu, léttu lund og hæfni í mannlegum samskiptum. Þekking á Navision er kostur.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 12. nóvember n.k. Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Guðmundsdóttir hjá Hagvangi. Netfang: kristin@hagvangur.is



ÁST Í samstarfi við Vesturport

08.11.	01.12.	uppselt
09.11. örfá sæti laus	07.12.	uppselt
15.11. örfá sæti laus	08.12.	uppselt
17.11. örfá sæti laus		
22.11. örfá sæti laus		
23.11. örfá sæti laus		
30.11. uppselt		

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Hótel og gistihús Markaðssetning og kynning erlendis

Fyrsta umferð verkefnisins verður dagana 21.-30. nóvember nk. Stefnt er að verklokum fyrir 20. janúar 2008.

Útflutningsráð býður hótélum og gistihúsum þjónustu sem felst í aðstoð við að móta markaðsstefnu gagnvart erlendum markaði.

Tilgangur þjónustunnar er sem hér segir:

- **Skoða stöðu markaðsmála viðkomandi fyrirtækis gagnvart erlendum markaði og móta tillögur að markaðsáætlun fyrir fyrirtækið.**
- **Meta ímynd og yfirbragð fyrirtækisins gagnvart erlendum markaði og erlendum viðskiptavinum.**
- **Móta faglega texta (á þýsku) sem nota má í fréttatilkynningar og á vefsíðu.**

Ráðgjafi í verkefninu er þýski ferðasérfræðingurinn og rit höfundurinn **Alexandra Kuidkowski**, sem unnið hefur víða um heim við að meta hótél og gistihús með tilliti til þjónustu og aðbúnaðar meðal annars fyrir þýsk ferðablið. Henni og fyrirtækjunum til fulltingis er **G. Agúst Pétursson**, viðskiptaráðgjafi.

Þátttökukostnaður er **98.000 kr.** Takmarkaður fjöldi þátttakenda. Skráningu lýkur mánudaginn **12. nóvember nk.**

Skráning og nánari upplýsingar eru hjá Hermanni Ottóssyni, forstöðumanni, hermann@utflutningsrad.is og Ingu Hlín Pálsdóttur, verkefnisstjóra, inga@utflutningsrad.is.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Nýmjól í sókn

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FÉLL MEÐ STÆL Í FACEBOOK-GRYFJUNA



Ég verð að játa það að ég er svolítið eftir á. Ég er afturhaldssöm með eindæmum og tortryggin á flest þau hugtök sem hefjast á forskeytinu ný-.

Meira að segja nýmjól. Trú og trygg sjálfri mér hef ég því tudað út í hið óendanlega um nýmælin Myspace og Facebook og öll þessi vefsamfélög. Þar áður þusaði ég um ofnotkun gsm-síma og ég er ekki frá því að ég hafi verið á móti tölvupósti þegar hann hélt innreið sína í líf mitt. Mér finnst (eða finnst, öllu heldur) eitthvað bjánalegt við það að eiga öll sín helstu mannlegu sam-

skipti með rafrænum máta. Ég sá ekki sjarmann í því að skilja eftir skilaboð á borð við „hæ, gaman að sjá þig, sjáumst“ trekk í trekk á vinasíðum á netinu, í stað þess að hitta manneskjuna og eiga kannski aðeins meira gefandi samræður. En, af er það sem áður var.

Í síðustu viku skráði ég mig á Facebook í opinberum erindagjörðum, til að geta nálgast undirskriftalista sem þar er að finna. Yfir daginn helltist svo yfir mig tölvupóstur um að þessi og hinn og þessar hefðu tekið boði mínu um að vera vinir mínir (sem ég var reyndar ekki fullkomlega meðvituð um að ég hefði sent) eða jafnvel sent mér skilaboð. Þetta á ekki bara við almenna vini og

kunningja, heldur fólk sem ég hef hvorki séð né heyrt árum saman; samstarfsfélagi frá kaffihúsi á Írlandi, þar sem leiðir okkar lágu saman í nokkra mánuði fyrir mörgum árum, áður en hann sneri aftur heim til Kína; gömul menntaskólavinkona sem mér hefur reglulega verið hugsað til frá því ég sá hana síðast fyrir sex árum en hafði ekki vísi að hugmynd um hvar væri niður komin. Hún er í Dubai, og hún biður að heilsa mér.

Það hefur runnið upp fyrir mér tækniljós. Næsta skref er að læra að svara kveðjunum, og svo ætla ég að prófa eitthvað annað sniðugt. Nýmjól kannski. Hún leynir kannski á sér eftir alltsaman.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BRÁÐSKEMMTILEG BÓK – og ekki bara fyrir veiðimenn

Að kasta flugu í straumvatn er að tala við guð, segir Bubbi Morthens og sannar það á sinn hátt í þessum fallegu, ljóðrænu, fyndnu og einstaka sinnum nöpru sögum af mönnum og löxum. Því laxar eru miklir örlagavaldar í lífi þeirra sem veiða þá af ástríðu, og veiðigyðjan er mislynd.

„Sagan hans Bubba varð mér
mikil skemmtilesning.“

Heimir Pálsson / tmm.is



JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



kl. 20

Árlegir styrktartónleikar á vegum Vina Indlands fara fram í Salnum í Kópavogi í kvöld kl. 20. Á tónleikum koma meðal annarra fram Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar Kvaran, Nína Margrét Grímsdóttir, Ragnhildur Gísladóttir og kórinn Schola Cantorum. Miðaverð er 2.000 kr. og rennur söfnunarféð óskipt til góðgerðamála á Indlandi.

menning

menning@frettabladid.is

Skáld kynna bækur sínar

Ljóðaupplestur á vegum Ritlistarhóps Kópavogs fer fram á morgun kl. 17.15 í kaffistofu Gerðarsafns, Listasafni Kópavogs.

Á upplestrinum koma fram áhugaverð ljóðskáld sem eiga það sameiginlegt að standa í útgáfu um þessar mundir. Guðrún Hannesdóttir, handhafi Ljóðstafs Jóns úr Vör, les sigurljóð sitt og kynnis auk þess ljóðabók sína, Fléttur, sem kemur út um þessar mundir. Valdimar Tómasson les úr bók sinni, Enn sefur vatnið, en hún kom út fyrir skömmu. Garðar Baldvinsson les úr nýútkominni ljóðabók sinni, Drengmóður. Að lokum ber að nefna að Hjörtur Pálsson mun lesa úr þýðingum Ólafar Pétursdóttir á ljóðum bretónska skáldsins Xavier Grall, en þýðingar þessar eru nú komnar út í bókinni Söngvar regns og grafar.

Allir eru velkomnir á upplesturinn á meðan húsrúm leyfir og er



GARÐAR BALDVINSSON itt af skáldunum sem kynna verk sín á morgun.

hægt að kaupa sér kaffi og meðlæti á staðnum.

Í forgarðinum

Ný skáldsaga eftir Jón Kalman Stefánsson kom út í gær. Þar sýnir Jón eina ferðina enn að hann er í fararbroddi íslenskra sagnahöfunda. Í „Himnaríki og helvíti“ eins og sagan heitir hverfur hann aftur



JÓN KALMAN STEFÁNSSON RITHÖFUNDUR

rúma öld og setur örlaga-sögu sína niður vestur í Djúpi. Sögunar rekur hann í gegnum ungan umkomulausan dreng sem er í veri í mynna Djúpsins. Upphaf sögunnar er langur og lífshættulegur róður á sexæringi á miðin undan Djúpinu. Henni heldur áfram með lýsingu á annarri hættuför þegar pilturinn gengur milli byggða í háskaveðri, hvernig hann kemur í Plássíð og finnur sér þar skjól hjá vandalausum. Þetta er ekki löng saga, rúmlega tvö hundruð síður og greinilega upphaf að stærri bálki, rétt eins og Jón Kalman hefur unnið áður. Sagnaskáldskapur hans hefur frá upphafi haft ríka tilhneigingu til að leggja í báka, sögur sem tengjast í efni og sviðum eftir því sem hann fetar sig áfram á ferlinum og persónulegur stíll hans þroskast og þróast. Því Jón er ekki staður, hann er færleikur með ýmsan gang, þótt þelið í skáldskap hans sé vísast ljóðrænn stíllinn með háspökilegu ívafi um manneskjuna og stöðu hennar í heiminum og geimnum. Eilífðin leitar á huga skáldsins og þeirra sem hann setur í fyrirrúmi.

Skaðvaldurinn og lífgjafinn í Himnaríki og helvíti er skáldskapurinn. Hann glæðir lífið birtu og

von, rétt eins og hjá Ljósvíkingunum forðum. Allt umhverfið, lífsbaráttan, er andsnúð þeim lífgjafa og hann reynist vera örlagavaldur í ýmsum skilningi í sögunni, ekki aðeins hjá drengnum og vini hans og félagi, Bárði. Skáldskapurinn leitar á fleiri, rétt eins og ástin svo hverful sem hún er og hin líkamlega nánd. Persónugalleríð er í stærra lagi, bæði í verstöðinni og eins í Plássinu og við erum rétt tekin að kynna þessum skörpum dráttum einstaklinganna sem við söguna koma sem eru skissaðar útlínur með fáum skýrum einkennum, þegar sögunni er haldið áfram. Jón er ekki gefinn fyrir langar málaðar lýsingar, hann fer hraðar yfir sem sögumaður en svo.

Það er dirfskufull tilraun að setjast á þóftuna hjá róðrarmönnum og gera sér í hugarlund niðurnjörvað fornt vinnulagið og gera úr því spennuþátt sem í bland geymir heimspekilegar og ljóðrænar lýsingar, rétt eins og að leiða ungan hug í langa óvissuferð yfir fjöll og firnindi. Jón er að stíga inn í erfið form frásagnar og tekst á sannfærandi hátt að lýsa upplifun á vetrarnótt og veðrum sem eru víðs fjarri okkar skynjun á veruleikann. Það er ekki lítið afrek.

Þegar svo sögunni vikur að veru drengsins í þorpinu er annað uppi á teningnum: Sögusviðið tekur stakkaskiptum, sögumaðurinn leitar í aðrar persónur og það verður að vissu leyti brot í frásagnartækninni sem vísar örugglega á aðferð sem hann mun beita í áframhaldi sögunnar sem er fyrirsjáanlegt: Himnaríki og helvíti er aðeins formáli og fyrsti þáttur að stærri sögu.

Þessi saga er metnaðarfull tilraun til að koma okkur í samband við löngu liðinn heim. Sagan er spennandi lestur og átakanlegur



BÓKMENNTIR

Himnaríki og helvíti

eftir Jón Kalman Stefánsson
Bjartur

★★★★★

Merkileg og mikilvæg tilraun eins af okkar bestu höfundum.

viða, persónur ljóslifandi, tungutakið rammt og á stöku stað full upphafið en þannig hefur stílbeiting Jóns jafnan verið. Hann lætur ekki bæla sig í persónulegum stíl heldur tekur flug að ystu mörkum tilvistarlegra þælinga.

Ekki er vafi á að nýja sagan hans Jóns er með tíðindamestu skáldsögum sem komnar eru á markað þessi dægrin. Hann er kominn í röð okkar mestu og mikilvægustu höfunda og þessi saga er aðeins einn minnisvarði á þeirri löngu leið.

Páll Baldvin Baldvinsson

Frumnýning í kvöld á Stóra sviðinu

Barna- og fjölskyldusýningin
Skilaboðaskjóðan
 eftir Þorvald Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
 Leikstjóri Gunnar Helgason
 Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



ÆVINTÝRI Úr leikritinu Skilaboðaskjóðunni sem frumsýnt verður í kvöld í Þjóðleikhúsinu.

Skjóðan aftur á svið

Barnaleikrit vetrarins í Þjóðleikhúsinu að þessu sinni er Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson, en það verður frumsýnt í kvöld.

„Þetta er sæt og falleg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Við erum meðvitund um að það eru alltaf fullorðnir í fylgd með börnum í leikhúsinu og því reynum við að hafa sýninguna þannig að fullorðnir geti haft gaman af henni líka,“ segir Gunnar Helgason, leikstjóri sýningarinnar.

Leikritið var fyrst sýnt í Þjóðleikhúsinu árið 1993 og sló eftirminnilega í gegn. En síðan þá eru liðin fjórtán ár og því kominn tími til að veita nýrri kynslóð barna tækifæri til að kynna töfraheimi Skilaboðaskjóðunnar. Leikritið er byggt á samnefndri barnabók Þorvalds Þorsteinssonar og segir frá litríkum persónum sem búa í Ævintýraskóginum. Þar verður uppi fótur og fit þegar Nátttröllir rænir Putta litla og ætlar að breyta honum í tröllastrák. Þá þurfa allir íbúar Ævintýraskógarins að taka höndum saman til að bjarga honum áður en sólin hverfur bak við Sólarlagsfjall. Það kemur hins vegar babb í bátinn þegar Nornin, Úlfurinn og Stjúpan vondu vilja ekki taka þátt í björgunarleiðangrinum.

„Þetta leikrit hefur fallegan boðskap og í raun alla burði til þess að verða sigilt barnaleikrit. Við höfum litlu breytt frá fyrri uppfærslunni,

það hafa reyndar tvö lög bæst við en það er allt og sumt enda er þetta verk í anda rómantískra ævintýra og því tímalaut,“ segir Gunnar.

Uppsetningin er öll hin glæsilegasta og er valinn maður í hverju hlutverki. Um leikmyndahönnun sá Frosti Friðriksson og Þórunn María Jónsdóttir hannaði búninga. Á meðal leikara sem koma fram í sýningunni eru Esther Tálfa Casey, Ívar Helgason, Rúnar Freyr Gíslason og Þórunn Lárusdóttir. Með hlutverk Putta litla fer ungur og upprennandi leikari, Hrafn Bogdan Haraldsson. Sjö manna hljómsveit flytur tónlistina í sýningunni sem samín var af Jóhanni G. Jóhannssyni, tónlistarstjóra Þjóðleikhússins.

Leikritið hefur þegar hlotið góðar viðtökur þar sem stór hópur barna fékk að vera viðstaddur æfingu sem fór fram á mánudagskvöld. Þau tóku sýningunni vel. „Það var frábært að sjá hvað börnin voru spennit og hvernig þau lifðu sig inn í verkið. Þegar maður setur upp barnaleikrit veit maður strax af því ef sýningin er ekki nógu góð þar sem börn eru ekkert að fela það ef þeim leiðist. Það var því svolítið stressandi að fá áhorfendur á æfingu og bíða þess að sjá hvernig sýningunni yrði tekið. Blessunarlega voru viðbrögð barnanna öll á besta veg og lofar það góðu fyrir okkur,“ segir Gunnar.

Í tilefni af sýningunni kemur samnefnd bók Þorvaldar út að nýju hjá forlaginu Bjarti auk þess sem tónlistin úr sýningunni er endurútfengin á hljómdiski.

vigdís@frettabladid.is

Velgengni íslenskrar söngkonu

Steinunn Soffía Skjenstad sópransöngkona hlaut 1. verðlaun í ljóðasöngsflokki Erkki Melartin-kammertónlistarkeppninnar í Finnlandi 28. október síðastliðinn, ásamt finnska píanistanum Sofíu Wilkman. Dómnefnd var einróma um að dúóið hlyti fyrstu verðlaunin. Í henni sátu Ilmo Ranta píanóleikari, Pia Freund söngkona og söngvarinn Petteri Salomaa en einnig veitti Minningarsjóður Eero Rantala Steinunni og Sofíu 2.000 evrur í sigurlaun.

Erkki Melartin-kammertónlistarkeppnin er haldin á þriggja til fjögurra ára fresti. Hún er ein mik-



STEINUNN SOFFÍA SKJENSTAD Verðlaunuð söngkona.

ilvægasta tónlistarkeppni Finna. Keppnin er haldin í bænum Savonlinna þar sem haldin er á sumri hverju stærsta óperuhátíð Finnlands. Þar er einnig að finna alþjóðlega tónlistarakademíu.

Erkki Melartin-keppnin er ætluð þeim sem stunda tónlistarnám í Finnlandi en Steinunn stundar mastersnám í söng við óperudeild Síbelíusarakademíunnar í Helsinki. Steinunn hefur lagt áherslu á óperu- og ljóðasöng. Hún lauk B.Mus. gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2005 undir handleiðslu Elísabetar Erlingsdóttur. -vp

Vegna gífurlegra vinsælda - sukkaýningar í HvK

9. Nóv. ÍSLENSKA ÓPERAN kl. 21.00 ákafur miðar eftir!
 10. Nóv. ÍSLENSKA ÓPERAN kl. 20.00 ákafur miðar eftir!
 24. Nóv. ÍSLENSKA ÓPERAN ATN kl. 20.00 (miðbætur)
 7. Des. ÍSLENSKA ÓPERAN kl. 20.00 ákafur miðar eftir!
 8. Des. ÍSLENSKA ÓPERAN kl. 20.00 ákafur miðar eftir!

Miðlaun ákafur í Óperunni í síma 811-4300
 frá kl. 14:00 og á miðlaun

Pabbinn

miðlaun.is

THORSSON

PABBINN Á TOR OG LANGI - ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS



SIMPLY CLEVER

Ímyndaðu þér Skoda Octavia TDI[®]



Afl og hagkvæmni

Það ríkir mikill friður og sátt á þeim heimilum sem eiga Skoda Octavia TDI[®]. Dísilvélin er í senn aflmikil og eyðslugrönn, með aðeins 4,9 lítra eyðslu á hverja hundrað kílómetra. Octavia TDI[®] er fánlegur beinskiptur, sjálfskiptur og með sítingdu aldrifi.

- ESP stöðugleikakerfi og spólvörn
- aksturstölva
- tengi fyrir iPod
- sex hátalarar
- hanskahólf með kælibúnaði
- sex loftpúðar
- hraðastillir (cruise control)
- þokuljós í framstuðara
- armpúði milli framsæta
- hiti í sætum og speglum
- ISOFIX barnabílstólafestingar
- hæðarstillanleg framsæti

Álfelgur og heilsársdekk fylgja, takmarkað magn!



> VISSIR PÚ?

Leikkonan Catherine Zeta Jones veit fátt skemmtilegra en að syngja í karóki. Þegar hún leikur í kvikmyndum fer hún iðulega fram á að í hjólhýsi hennar verði eitt stykki karókvél til þess að hún geti stytt sér stundir með söng.



fólk

folk@frettabladid.is

Pollard í The Sun

Hljómsveitin Vicky Pollard komst í fréttirnar hjá breska dagblaðinu The Sun fyrir að vera nefnd í höfuðið á persónu í bresku grínþáttunum Little Britain.

„Þetta er svakalega skemmtilegt fyrir okkur og það er gaman að fá svona umfjöllun,“ segir Eygló Scheving Sigurðardóttir, söngkona Vicky Pollard. „Það er mjög skemmtilegt hvað við erum búin að fá mikla athygli fyrir nafnið okkar úti í Bretlandi. Eftir Iceland Airwaves hafði kona samband við okkur frá The Sun sem hafði heyrt um okkur og síðan fannst Kerrang! Magazine



VICKY POLLARD Hljómsveitin Vicky Pollard komst í fréttirnar hjá The Sun fyrir nafnið sitt.

við líka voða sniðug, þannig að þetta er að vekja lukku.“

Timaritíð Scratch frá Los Angeles sýndi Vicky Pollard einnig áhuga eftir Airwaves-hátíðina og bauð sveitinni að vera með eitt lag á plötu sem það framleiddi í fimm þúsund eintökum og sendi frítt víðs vegar um borgina.

Eygló segir að nafnið Vicky Pollard sé komið frá Ástrósu bassaleikara sem sé svakalegur aðdandi Little Britain. „Hún eiginlega heimaði að við myndum heita þetta, hún er svo mikil frekja, því við vorum eiginlega ekki öll sammála,“ segir hún. - fb

Hljómsveit leitar að nafni

Ný íslensk hljómsveit hefur ákveðið að leita til Íslendinga vegna vals á nafni hljómsveitarinnar. „Við höfum verið að velta hugmyndum til og frá, og erum orðnir illa þjakaðir af valkvíða,“ segir trymbillinn Magnús Ingi Sveinbjörnsson. „Við treystum almenningi betur en vinum og fjölskyldumeðlimum sem segja bara „já, fínt“ við öllum hugmyndum.“

Hljómsveitin nafnlausa stefnir á að skemmta á skólabbóllum í vetur og þarf því nafngift fyrir jól. Hún hvetur sem flesta til að greiða atkvæði á netsíðunni Trymbill.is/hljómsveit. - eá

Leitinni lokið hjá McCartney

Nýja konan í lífi sír Pauls McCartney er hvorki leikkona, fyrrisæta né söngkona heldur aðstoðarforstjóri stórs flutningafyrirtækis í Bandaríkjunum.

Bresku blöðin greindu frá því í gær að Paul hefði sést versla í undirfataverslun í New York og nú er sú heppna sem fékk fínu efnislitlu klæðin og franska ilmvatnið fundin. Nancy Shevell heitir hún og er eiginkona stjórnlögfræðingsins Bruce Blakeman sem á risastóra lögfræðiskrifstofu í New York. Hún er af vellauðugum ættum og stjórnar fjölskyldufyrirtæki sínu í New Jersey. Nancy er ekki formlega skilin við manninn sinn en er hætt að nota nafnið hans og því má reikna með að skilnaðurinn gangi í gegn á næstunni. Hún virtist í það minnsta lítið feimin við að láta hrfifingu sína á Paul í ljós og áttu þau nokkuð innilegar stundir í stórborginni ef



marka má ljósmyndir breska götublaðsins The Sun.

Þar má einnig lesa allt um rómantískan dag þeirra sem fór meðal annars í göngutúr á ströndinni við Hampton, morgunmat og rómantískan kvöldverð við kertaljós og kokteila á East Hampton Restaurant. Síðan eyddu þau drjúgum tíma í glæsivillum hvors annars og sögu sjónarvottar að engum dyltist að þarna færi ástfangið par. Þau gátu varla haft augun hvort af öðru alla síðustu helgi og voru aðeins í sundur í örfáa klukkutíma. Tímanna skyldi nýta í nánar samverustundir, faðmlög og innilegar samræður.

ÁSTFANGINN Á NÝ Paul hefur fundið nýja frú til að halda í höndina á. Hún heitir Nancy og er að skilja við stjórnlögfræðing í New York.



SAUMAR Á RAGNHILDI STEINUNNI Edda Skúladóttir fatahönnuður hennar undir nafninu Fluga. Hún er að sauma kjól sem Ragnhildur Steinunn mun klæðast í þætti sínum á laugardagskvöld.

Hannaði jakka á Wesley Snipes

Fatahönnuðurinn Edda Skúladóttir flutti heim til Íslands fyrir tveimur árum eftir að hafa búið og starfað í Los Angeles í nær áratug. Hún selur fatnað sinn undir heitinu Fluga í verslun B-Young/Cific í Bankastræti og er þessa dagana að vinna að kjól fyrir Ragnhildi Steinunni.

„Ég nota mikið silkiefni sem ég kaup í Los Angeles,“ segir Edda um hönnun sína. „Eskuvinkona mín, Imago, er verktaki hjá mér og þrykkir á efnin. Svo hef ég líka verið að gera jakka úr ull sem sömuleiðis eru áþrykkir.“ Þessa dagana fer mestur tími Eddu í að leggja lokahönd á kjól sem Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir mun klæðast í Laugardagslögnum. „Kjöllinn verður kóngablár með svartri þrykkingu og teygjanlegu svörtu pílsi að neðan,“ segir Edda. „Ég er að sniða hann og klippa í þessum töluðu orðum.“

Edda segist hafa ákveðið að flytja heim vegna fjölskyldu sinnar en hún á tvær ungar dætur með Guðjóni Ólafssyni leikstjóra. „Það er ekki gert ráð fyrir því að fólk eigi börn í tískuheiminum úti.“ Edda starfaði í Los Angeles í níu ár, lengst af hjá hinu heimspekta fyrirtæki Bebe. „Ég þekkti eina sem vann í þessum bransa svo ég ákvað að svara ævintýraþránni og fara út eftir að hafa klárað klæðskeránám í Iðnskólanum hér heima. Í fyrstu vann ég hjá hönnuðinum Steffi Dobrindt. Þaðan fór ég yfir í For Joseph og loks Bebe. Þar var verkaskiptingin meiri og ég vann við bæði sniðagerð og framleiðslu.“ Edda vann auk þess við tvær stórar kvikmyndir, Blade og Mission to Mars. „Ég gerði til dæmis sniðið að frakkanum sem Wesley Snipes var í þegar hann lék í Blade,“ segir Edda og hlær. „Svo gerði ég geimþunga fyrir Mission to Mars.“ Edda bjó í sjálfri Hollywood í Englaborginni og segir það mikil en jákvæð viðbrigði að vera komin heim. „Það er svo lítið áreiti hérna. Okkur finnst það æðislegt.“

sigrunosk@frettabladid.is



ULLARIJAKKAR OG SILKI-TOPPAR Fallegt þrykk-einkennir flikur Eddu sem hún selur undir heitinu Fluga.

BLADE Í FRAKKANUM

Edda bjó í Los Angeles í níu ár þar sem hún starfaði mestmegnis við sniðagerð. Meðal verkefna hennar var að hanna sniðið að frakkanum sem Wesley Snipes klæddist í Blade.



Trigger®

KULDASTÍGVÉL

Stærðir 21-38

F Y R I R Í S L E N S K T V E Ð U R F A R



ÚTSÖLUADILAR:

Hagkaup - Iljaskinn ehf., Háaleitisbraut 58-60 - Xena, Mjódd, Glæsibær, Spöng - Valmiki, Krínglan Skótabúðin Hafnarg. 35, Reykjanesbær - Verslunin Sirrý, Grindavík - Axel Ó. skóverslun, Vestmannaeyjar - Skótabúð Selfoss, - Tangó, Höfn Hornafj. Klórubúð, Djúpvogur - Veidflugan, Reyðarfjörður - KHB Samkaup, Egilsstaðir - Beint í mark, Vopnafjörður - Skótabúð Húsavíkur - Skóhúsið, Akureyri Siglósport, Siglufjörður - Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrúkur - Skóhornið, Ísafjörður - Heimahornið, Stykkishólmur - Verslunin Hamrar, Grundarfjörður Blómsturvellir, Hellissandur - Xena Borgarnes - Ozono, Akranes.

Dreifingaraðili: www.leiko.is

Neysla Dohertys náðist á myndband

Aðeins nokkrum klukkutímum eftir MTV-verðlaunahátíð, þar sem Pete Doherty úr hljómsveitinni Babyshambles lýsti því yfir að hafa gefið fíkniefni upp á bátinn, náðist upptaka af honum við heróinneyslu á heimili sínu.

Upptakan er tekin á farsíma og er yfir mínútu löng. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem forkarinn næst á filmu við aðfarir sínar,



PETE DOHERTY Pete Doherty segist hættur í ruglinu en náðist á myndband við heróinneyslu.

Sigur Rós lofuð í bak og fyrir

Tvöfalda platan Hvarf/Heim með Sigur Rós fær fjórar stjórnur í bresku blöðunum Mojo, The Independent, Evening Standard, Daily Mail og Sunday Express. Einnig fær platan frábæra dóma í NME, Uncut, The Observer og Daily Telegraph.

„Hvarf festir hljómsveitina í sessi sem meistara epísku post-rokks á meðan Heim er sérlega viðkvæm og minnir á þeirra sérstæðu heimkynni,“ sagði í umsögn Daily Telegraph.

Hvarf/Heim er nýkomin út í tengslum við útgáfu tónlistarmyndar Sigur Rósar, Heima, sem einnig hefur fengið mjög góða dóma erlendis. Fékk hún til að mynda fimm stjórnur í hinum virtu tímaritum Total Film og Q, auk blaðsins Mail on Sunday. „Besta tónleikamynd allra tíma að mati Total Film. Svona tónlist myndi guð gera ef hann væri til,“ sagði í dómi Total Film. Myndin fékk einnig fjórar stjórnur í Empire, The Times, Uncut og Time Out.

Hvarf inniheldur nýjar upptökur á fimm lögum sem voru samin á nokkrum tímabilum í sögu Sigur Rósar. Þrjú þeirra hafa aldrei verið gefin út áður en hin tvö,



SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós fær mjög góða dóma fyrir nýjustu plötu sína Hvarf/Heim.

Von og Hafsól, eru endurgerðir af lögum af fyrstu plötu sveitarinnar, Von. Á Heima eru sex órafmagnaðar tónleikupptökur af lögum af fjórum plötum Sigur Rósar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Amy Winehouse missti stjórn á skapi sínu rétt áður en MTV Europe Music Awards-verðlaunahátíðin hófst í München á sunnudag.


Snoop Dogg var á meðal þeirra sem urðu vitni að því þegar Amy henti spaghettí á veggina á hótélherbergi sínu. „Svo fór hún að sparka í veggina og henda öllu sem hún náði

í, jafnvel borðum og stólum. Svo klíppti hún mottuna í sundur,“ segir heimildarmaður, sem segir Snoop hafa verið steinhissa á athæfinu.



Brooklyn Beckham, sonur þeirra **Victoríu** og **Dauids**, rak sig á tungumálaörðugleika þegar fjölskyldan flutti til Los Angeles, að sögn Victoríu. Á fyrsta skóladegi drengsins spurði kennari

hans hvort hann safnaði einhverju, og ekki stóð á svarinu. Brooklyn sagðist safna „rubbers“. Í Bretlandi þýðir orðið strokleður, en í Bandaríkjunum er það notað yfir smokka. Kennaranum brá því nokkuð við.



Milla Jovovich fæddi stúlkubarn í Los Angeles síðastliðinn laugardag. Stúlkun er fyrsta barn Millu og unnusta hennar, leikstjórans og handritshöfundarins **Paul W.S. Anderson**,

sem vann með úkraínsku leikkonunni í myndunum um Resident Evil. Stúlkun hefur hlotið nafnið **Ever**, samkvæmt heimildum Us Weekly.



Christína Aguilera tjáði sig um þungun sína í fyrsta skipti á dögumum. Aðspurð hver nýársheit hennar yrðu fyrir árið 2008 svaraði Christína: „Á þeim tíma mun ég verða mamma, svo ég vona að ég verði búin að stofna fallega fjölskyldu.“ Talið er að Aguilera sé komin um sex mánuði á leið með fyrsta barn hennar og eiginmannsins **Jordan Bratman**.



Falleg og vönduð borðstofuhúsgögn í úrvali



CUBIC húsgagnalínan

- Borðstofuborð 69.900kr.
- Skenkur 59.900kr.
- Borðstofuskápur 59.900kr.
- Sjónvarpsskápur 39.900kr.



SWS106



SWS111

Ef þú kaupir Cubic borðstofuborð, skenk, borðstofuskáp og sjónvarpsskáp færð þú 6 stk. af SWS106 eða SWS111 stólum í kaupauka.*

*Verðmæti kaupauka allt að 12.990kr pr/stk.

Gildir til 12. nóvember eða á meðan birgðir endast. Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla



PROFESSOR PEZ Norska hljómsveitin Professor Pez spilar á Organ í kvöld.

Professor Pez á Organ í kvöld

Indípoppsveitin Professor Pez frá Bergen í Noregi spilar á Organ í kvöld. Fyrsta plata Professor Pez, Let us Follow the Evil Balloon, kom út 2004. Vakti sveitin fljótt athygli fyrir kátinu og spilagleði, sem og skemmtilega texta sem eiga margir hverjir rætur sínar í vísindaskáldskap og bernskubrekum. Sveitin gaf núna nýverið út sína þriðju plötu sem ber heitir Hordaland. Professor Pez kemur hér við á leið sinni til Bandaríkjaanna þar sem þau spila í Boston og New York auk þess að koma fram á indí-hátíðinni Popfest! í Northampton, Massachusetts. Á Organ koma einnig fram fjörugu pönkararnir í Ælu og krútt-pönksveitin Dýröin.



MAGNÚS ÞÓR Magnús Þór Sigmundsson spilar á Skáldaspírukvöldi á Domo í kvöld.

Afrískir heiðursgestir

Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson, sem nýlega gaf út plötuna Sea Son, verður aðalgestur Söngvaskáldakvölds á Domo í kvöld. Einnig koma fram Halli Reynis, Benóný Ægisson, Valgeir Skagfjörð og fleiri.

Sérstakur heiðursgestur verður hljómsveitin Mama Djombo frá Gíneu-Bissá, sem er ein þekktasta hljómsveit Afríku. Hún er komin hingað til lands til að hljóðrita nýja plötu í hljóðveri Sigur Rósar. Eru meðlimir hennar vel á annan tug. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 og verða í beinni útsendingu Kastljóssins. Aðgangseyrir er 500 krónur.



BMV Tónlistarmaðurinn Brynjar Már Valdimarsson er kominn í tíunda sætið í Indónesíu.

Í tíunda sæti í Indónesíu

Tónlistarmaðurinn Brynjar Már Valdimarsson, eða BMV, er kominn í tíunda sætið á topp 40 listanum í Indónesíu með lag sitt Forget About Me. Lagið hefur verið fjórar vikur á lista hinnar útbreiddu útvarpsstöðvar Prambors FM en það fór beint í 27. sæti á sínum tíma. Á meðal þeirra sem eru fyrir neðan BMV á listanum eru stjórnur á borð við Ian Brown, Celine Dion, Mary J. Blige og Seal.

Indónesía er fjórða fjölmennasta land í heiminum og því er þessi góði árangur þar í landi vatn á myllu Brynjars á sólferli hans.

Annað lag frá Brynjari, In My Place, hafði áður komist í toppsætið hjá grísku útvarpsstöðinni Radio 1 Serres.

Verðlaunahátíð í Mónakó

Verðlaunahátíðin World Music Awards fór fram í Mónakó á sunnudag.

World Music Awards fer fram á ári hverju, en verðlaunahátíðin miðar að því að heiðra þá listamenn sem eru söluhæstir á heimsvísu hverju sinni. Að auki eru afhent goðsagna-verðlaun, eða Legend Award, til tónlistarmanns sem þykir hafa markað tónlistarheiminn með framlagi sínu. Í ár var það söngkonan Celine Dion sem hlaut þau verðlaun, en auk þess var R&B söngkonan Patti LaBelle heiðruð sérstaklega. Leikarinn Julian McMahon, úr þáttunum Nip/Tuck, var kynnr kvöldsins, og tók þar við hljóðnemanum úr höndum Lindsay Lohan sem fór með það hlutverk í fyrria. Vinningshafi kvöldsins var nýgræðingurinn Mika, sem vann fern verðlaun. Hip-hop tónlistarmaðurinn Akon hlaut sín fyrstu verðlaun á hátíðum af þessum toga og Avril Lavigne og Rihanna hlutu tvönn verðlaun hvor.

ALÞJÓÐLEGIR VINNINGSHAFAR

World Music Awards heiðrar söluhæstu listamenninna í mörgum löndum. Þeir sem bera af á heimsvísu eru þó kunnuglegir. Þær **Rihanna** og **Avril Lavigne** voru báðar hlutskarpar á hátíðinni, en hinn líbanski **Mika** bar þó höfuð og herðar yfir aðra. **Akon**, sem fékk þrenn verðlaun á hátíðinni, deildi því með áhorfendum að þetta væru fyrstu tónlistarverðlaunin sem honum hlotnast á ævinni. **Patti LaBelle** og **Celine Dion** voru einnig heiðraðar á hátíðinni. Sérlegur verndari hátíðarinnar er **Albert** fursti af Mónakó.

RIHANNA Tónlistarkonan Rihanna hefur sópað til sín verðlaunum að undanförmu, og World Music Awards voru engin undantekning.



ALBERT FURSTI AF MÓNAKÓ OG CELINE DION Albert af Mónakó, sérlegur verndari hátíðarinnar, heiðraði Celine Dion með goðsagnaverðlaunum.



Hann er kominn út!

Nýi vörolistinn okkar inniheldur fjölbreytt úrval af vörum fyrir skrifstofuna, skólann og heimilið.

Pappírsvörur • Þökkun og útsending • Skriffæri og leiðréttingarvörur
Límvrur • Föndurvörur • Náms- og kennslugögn • Á og við skrifborð
Skjalavarsla • Fundir, ráðstefnur og framsetning • Blek- og dufthylki
Tölvufylgihlutir • Skrifstofutæki • Skrifstofuhúsgögn • Ýmsar nauðsynjar

Útgáfutilboð fylgir nýja vörolistanum okkar.
Allt að 50% afsláttur.



Borgartúni 29 + Höfðabakka 3
Smíðjuvegi 5 + Glerárgötu 34 Akureyri
Aðalstræti 27 Ísafirði + www.a4.is
Pantanasími 515 5100 + Fax 515 5101



Engin útborgun

Aðeins 39 4x4 bílar í 3 daga. Lægra verð. Lægri afborgun. Komdu strax.

Opið kl. 9-18

Lægri útborgun - afborgun
undir 30.000 kr. á mán.



Suzuki Liana 1,6 ssk. skrd. 02/2005 ek: 26.000 km.
Verð 1.390.000 kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Engin útborgun.
18.512 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. LZ810.

Lægri útborgun - afborgun
30.000 - 37.000 kr. á mán.



Land Rover Freelander 2,5 ssk. skrd. 10/2000 ek: 91.000 km.
Verð 1.260.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
30.452 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. VF347.



Ford Escape XLS 2,3 ssk. skrd. 04/2004 ek: 54.000 km.
Verð 1.960.000 kr. Tilboðsverð 1.750.000 kr. Engin útborgun.
28.800 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. YK001.

Nýttu þér
tilboðin
Tökum notaðan
uppí notaðan

Lægri útborgun - afborgun
37.000 - 44.000 kr. á mán.



Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 07/2004 ek: 46.000 km.
Verð 2.450.000 kr. Tilboðsverð 2.290.000 kr. Engin útborgun.
37.446 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. AV379.

Lægri útborgun - afborgun
yfir 44.000 kr. á mán.



Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 10/2006 ek: 15.000 km.
Verð 3.360.000 kr. Tilboðsverð 3.160.000 kr. Engin útborgun.
45.347 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YN563.



Subaru Forester 2,0 ssk. skrd. 12/2002 ek: 105.000 km.
Verð 1.290.000 kr. Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
23.057 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. MJ859.



Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 10/2004 ek: 53.000 km.
Verð 2.350.000 kr. Tilboðsverð 2.090.000 kr. Engin útborgun.
34.486 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. LX996.



MMC Pajero Sport 2,5 bsk. dísil. skrd. 07/1999 ek: 90.000 km.
Verð 1.290.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
25.705 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. D1813.



Kia Sorento Ex 3,5 ssk. skrd. 05/2003 ek: 83.000 km.
Verð 1.990.000 kr. Tilboðsverð 1.850.000 kr. Engin útborgun.
35.846 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. RE752.



VW Passat VR6 2,8 ssk. skrd. 06/2003 ek: 84.000 km.
Verð 2.590.000 kr. Tilboðsverð 2.290.000 kr. Engin útborgun.
37.446 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TJ723.



Ford Expedition E. Bauer 5,4 ssk. skrd. 10/2005 ek: 27.000 km.
Verð 4.250.000 kr. Tilboðsverð 3.990.000 kr. Engin útborgun.
57.805 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PH044.



Ford Escape XLS 2,3 ssk. skrd. 07/2004 ek: 46.000 km.
Verð 1.950.000 kr. Tilboðsverð 1.790.000 kr. Engin útborgun.
29.536 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RL029.



Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 12/2005 ek: 27.000 km.
Verð 2.690.000 kr. Tilboðsverð 2.490.000 kr. Engin útborgun.
36.074 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. M1120.



Ford Freestyle AWD 3,0 ssk. skrd. 10/2005 ek: 30.000 km.
Verð 3.230.000 kr. Tilboðsverð 2.990.000 kr. Engin útborgun.
43.317 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PV873.



BMW X3 3,0 ssk. skrd. 12/2004 ek: 53.000 km.
Verð 4.360.000 kr. Tilboðsverð 4.090.000 kr. Engin útborgun.
66.881 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. 02212.

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á



KOMINN ÁFRAM OG DOTINN ÚT Bjarki Sigurðsson er kominn áfram í bikarnum sem leikmaður en er dottinn út sem þjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Eimskipsbikar karla:

Júmboys sló aðalliðinu við

HANDBOLTI Afturelding 2 er komið í átta liða úrslit í Eimskipsbikar karla í handbolta eftir sigur á úrvalsdeildarliði ÍBV í 32-liða úrslitum og sigri gegn Fram 2 í 16-liða úrslitum.

Líðið kallar sig Júmboys en spilar undir merkjum Aftureldingar og hefur þegar skákað aðalliði félagsins í keppninni. „Það er stutt í úrslitaleikinn og við sjáum til hvernig fer,“ sagði Bjarki Sigurðsson, þjálfari aðalliðs Aftureldingar og leikmaður Júmboys, í léttum dúr. - 6p

Jón Arnór Stefánsson hefur spilað einstaklega vel með Lottomatica Roma:

Besta tímabilið hjá Jóni Arnóri

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson stendur sig vel með Lottomatica Roma í ítölsku úrvalsdeildinni í körfubolta og hefur skorað 10,9 stig að meðaltali í fyrstu átta leikjum tímabilsins. Í sigurleik liðsins um síðustu helgi sýndi Jón Arnór mikinn andlegan styrk með því að setja niður öll sex víti sín á úrslitastundu í lokaleikhlutunum.

Þetta er þriðja tímabil Jóns Arnórs á Ítalíu en hann lék með Carpisa Napoli 2005/06 og svo með Lottomatica eftir áramót á síðasta tímabili. Jón Arnór skilar í vetur sínum bestu tölum en 10,9 stig, 3,1 frákast og 2,3 stoðsendingar eru hæstu meðaltöl hans í deildinni frá upphafi.

Jón Arnór hefur líka aldrei hitt betur úr þriggja stiga skotum þrátt fyrir að taka nú mun fleiri langskot en á hinum tímabilunum tveimur. Jón Arnór hefur skorað 2,1 þriggja stiga körfu að meðaltali í leik og hitt úr 40,5 prósentum skota sinna fyrir utan þriggja stiga línuna.

Jón Arnór hefur bætt sig gríðarlega í framlagi frá því í fyrra þegar hann var stóran hluta tímabilsins að vinna sig út úr meiðslum sem hann varð fyrir í lands-



ÖFUG VÖRN Jón Arnór Stefánsson hefur spilað vel með Lottomatica Roma og spilar oftast betri vörn en hér. NORDICPHOTOS/AFP

leik um haustið. Svo skemmtilega vill til að Jón Arnór, sem skilaði 69 framlagsstigum í 22 leikjum

með Rómarliðinu í fyrra, hefur þegar náð að jafna þann árangur.

Jón Arnór var með 3,1 framlagsstig að meðaltali í fyrra en hefur skilað 9,9 framlagsstigum til síns liðs það sem af er vetri.

Það má heldur ekki líta framhjá frammistöðu Jóns Arnórs í Evrópukeppninni en í fyrstu tveimur leikjum Lottomatica í Euroleague hefur Jón Arnór skorað 19,5 stig að meðaltali og er sem stendur tíundi stigahæsti leikmaður keppinnar til þessa.

Jón Arnór spilaði sex leiki í Euroleague í fyrra og var þá með 6,3 stig að meðaltali í leik en hann hefur þegar skorað einu stigi meira í fyrstu tveimur leikjunum en hann gerði í öllum sex leikjum sínum í fyrra. Hann er fyrsti íslenski leikmaðurinn til þess að spila í Euroleague sem er sterkasta keppni evrópskra félagsliða í dag.

Einn besti félagi Jóns Arnórs í ítalska liðinu er danski landsliðsmaðurinn Christian Drejer en lengi var talað um þá jafnaldrana sem tvo af hæfileikaríkustu körfuboltamönnum Norðurlanda. Það er ljóst að koma Drejers hefur haft góð áhrif á leik okkar manns. - 66j



LÆRDÓMSRÍKT Jón Ingi segist hafa lært mikið af því að keppa á FPA-mótaröðinni í Norfolk. FRÉTTABLAÐIÐ/JAMESBEARNE

Formula Palmer Audi:

Jón Ingi í 22. sæti í Norfolk

FPA Jón Ingi Þorvaldsson keppti um síðustu helgi á seinni hluta haustmótaráðar Formula Palmer Audi á Snetterton brautinni í Norfolk á Englandi þar sem keppt var um McLaren Autosport BRDC-verðlaunin. Í fyrstu keppninni í fyrradag ræsti Jón Ingi í 20. sæti og kom í markið í sama sæti. Í annarri keppninni ræsti hann í 21. sæti og endaði í 19. sæti. Besta árangri sínum náði Jón Ingi í þriðju keppninni þar sem hann ræsti í 19. sæti og vann sig upp í 17. sætið. Jón Ingi endaði mótaröðina með 16 stig í 22. sæti af 27 keppendum. - 6p

Úrval og fagleg

19" – 65" háskerpusjónvörp á frábæru verði



199.900-

Panasonic 37" PV70 PLASMA

Glæsilegt tæki af nýjustu kynslóðinni frá Panasonic

HDTV Ready / Upplausn: 1024x768 / Skerpa: 10.000:1



219.900-

Panasonic 42" PV70 PLASMA

Glæsilegt tæki af nýjustu kynslóðinni frá Panasonic

sem fékk nýlega hin eftirsóttu EISA verðlaun fyrir besta plasma háskerpusjónvarpið.

HDTV Ready / Upplausn: 1024x768 / Skerpa: 10.000:1



259.900-

Panasonic 42" PY70 PLASMA

Glæsilegt tæki af nýjustu kynslóðinni frá Panasonic

Það besta sem völ er á og margverðlaunað.

Full HD upplausn: 1920x1080 / Skerpa: 10.000:1 / 68.7 milljarðar litir

319.900-

Panasonic 50" PV70 PLASMA

Stórglæsilegt tæki af nýjustu kynslóðinni frá Panasonic

HDTV Ready / Upplausn: 1366x768 / Skerpa: 10.000:1

Panasonic
MARGVERÐLAUNUÐ GÆÐI



Kíktu við í verslun okkar að Síðumúla 37 og svalaðu þorstanum með ískaldri Coke í gleri á meðan þú skoðar nýjustu sjónvörpin!

Opnunartími: Virka daga, kl 10 til 18. Laugardaga, kl 11 til 15



SIGURSAELL Alex Ferguson hefur unnið 27 titla á 21 ári en vann engan titil fyrstu þrjú tímabilin. NORDICPHOTOS/GETTY

Alex Ferguson, stjóri United: 21 ár síðan hann tók við

FÓTBOLTI Alex Ferguson hélt í gær upp á 21 árs afmæli sitt sem stjóri Manchester United en hann tók við stjórnstöðinni af Ron Atkinson 6. nóvember 1986.

Ekki gekk allt of vel framan af og Ferguson segir í dag að varamaðurinn Mark Robins hafi bjargað starfi hans með því að skora sigurmark í framlengingu gegn Oldham í endurteknum undanúrslitaleik bikarsins 1989/1990. United fór alla leið og vann bikarinn, vann sinn fyrsta meistaratitil í 26 ár vorið 1993 og síðan þrefalt sex árum síðar.

Ferguson hætti við að hætta fyrir fimm árum og í dag segist hann eiga nóg eftir. Manchester United hefur nú unnið 27 titla undir stjórn þessa 66 ára gamla Skota, þar af meistaratitlinn nú snum.

- óóó

Fjöltnir nældi í tvo sterka leikmenn

Fjöltnir fékk góðan liðsstyrk í gær þegar liðið gerði samninga við Ágúst Þór Gylfason og Óla Stefán Flóventsson. Ásmundur Arnarsson þjálfari gat ekki leynt ánægju sinni með þessa tvo sterku leikmenn.

FÓTBOLTI Nýliðar Fjölnis úr Grafarvogi eru heldur betur byrjaðir að styrkja hóp sinn fyrir átökin í Landsbankadeild karla í fótbolta næsta sumar og gengu frá samningum við tvo nýja leikmenn í gær. Ágúst Þór Gylfason kom til liðsins frá KR og Óli Stefán Flóventsson kom frá Grindavík og ljóst er að leikmennirnir eiga eftir að styrkja lið Fjölnis mikið enda báðir með mikla reynslu af því að spila í efstu deild.

„Okkur var það vitanlega ljóst þegar við unnum okkur upp í efstu deild síðasta sumar að við vorum með reynslulítið lið í höndunum og eitt af okkar markmiðum fyrir komandi tímabil yrði að ná í leikmenn sem höfðu reynslu af því að spila í efstu deild. Leikmenn sem gætu þá miðlað reynslu sinni til okkar unga liðs og myndu skapa betri heildarmynd á liðið,“ sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis. Hann telur Fjölnisliðið hafa dottið í lukkupottinn með nýju leikmönnum.

„Ágúst og Óli Stefán eru náttúrulega algjörir draumaleikmenn hvað varðar það sem við vorum að



FARNIR Í FJÖLNI Glóköllarnir Ágúst Þór Gylfason og Óli Stefán Flóventsson sömdu við nýliða Fjölnis í Landsbankadeildinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL/VÍKURFRÉTTIR

leita að. Báðir eru þeir sterkir persónuleikar, með mikið keppnis- skap og góða reynslu og það er mikil hamingja í okkar herbúðum að hafa klárað þetta mál,“ sagði Ásmundur og staðfesti einnig að samningaviðræður við þá leik-



gangi mjög vel fyrir sig hjá stjórn félagsins. Ég á heldur ekki von á öðru en að lánsmennirnir Sigmundur Pétur Ástþórsson, FH, og Ragnar Heimir Gunnarsson, Breiðablíki, muni báðir vera áfram hjá okkur, en þeir eru sem stendur sammingslausir við sín lið,“ sagði Ásmundur augljóslega glaður með stöðu mála.

Ágúst Þór Gylfason, 36 ára, hefur spilað 175 leiki í efstu deild með KR, Fram og Val auk þess að hafa verið í atvinnumennsku erlendis og kemur því með gríðarlega reynslu inn í Fjölnisliðið.

„Fjöltnir er náttúrulega lið sem er á uppleið og það er mikil og góð uppbygging hjá liðinu og spennandi að fá að taka þátt í því,“ sagði Ágúst í viðtali við Fréttablaðið í gær.

Óli Stefán Flóventsson, 31 árs, hefur spilað 183 leiki í efstu deild fyrir Grindavík og búinn að vera lykilmáður hjá Grindavík undanfarin ár. Óli var meðal annars fyrirlíði og spilaði alla 22 leiki Grindavíkurlíðsins sem sigraði í 1. deildinni síðastliðið sumar.

omar@frettabladid.is

ráðgjöf

SAMSUNG
FYRIR FAGURKERA



79.900-

MIRAI 32" LCD háskerpusjónvarp

1366x766 háskerpu upplausn / Skerpa: 1500:1

TILBOÐ



139.900-

SAMSUNG 32" LCD

Fallegt 32" sjónvarp í svörtum eða hvítum glans lit

Tilvalið í stofuna eða svefnherbergið

1366x766 háskerpu upplausn / Skerpa: 8000:1

Birtustig: 550 cd/m2 / Svartími: 8ms / Týpa: LE32R83B



199.900-

SAMSUNG 40" LCD

Fallegt 40" sjónvarp í svörtum glans lit

1366x766 háskerpu upplausn / Skerpa: 8000:1

Birtustig: 450 cd/m2 / Svartími: 8ms / Týpa: LE40R87BD



svar.) tækni

WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50
Grey's Anatomy

Örlogadagur Tómasar Tómassonar sem oftast er kenndur við Tomma-borgara. Tómas hefur marga fjöruna sopið og verið óhræddur við að byrja upp á nýtt. Hann hefur átt sína stóru sigra en líka ofmetnast af velgengninni eins og hann segir Sirry um leið og hann steikir ham-borgara af einstakri list. En hver var hans örloga-dagur? Það kemur í ljós kl. 20.15 í kvöld.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Meistaradeild Evrópu

Sýn kl. 19.30

Í kvöld fara fram fjölmargir leikir í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu og verða þrír þeirra sýndir í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn og hliðarrásur hennar. Meðal leikja kvöldsins má nefna að Barcelona fær Rangers í heimsókn og Dynamo Kiev mætir Manchester United á Old Trafford.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.45 Veðurfregnr
- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 08.00 Morgunfréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnr
- 10.13 Brot af eilífðinni
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.03 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnr
- 12.50 Dánarfregnr og auglýsingar
- 13.00 Vítt og breitt
- 14.03 Tónar að nóni
- 15.03 Útvarpsagan: Hversdagshöllin
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnr
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnr og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stefnumót
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.10 Veðurfregnr
- 22.15 Um skáldið og vísindamanninn Jónas Hallgrímsson
- 23.00 Gáru
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

FA SIRKUS

- 18.20 Fréttir
- 19.10 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 19.50 Hollywood Uncensored
- 20.10 Kenny vs. Spenny Kenny vs. Spenny er frábær þáttur um æskufélagana Kenny og Spencer þar sem þeir etja kappi í hinum ýmsu atburðum, íþróttum, greinum og í raun hverju sem er.
- 20.30 Janice Dickinson Modelling Agency
- ▶ 21.15 E-Ring (15:22) Spennuþáttur úr smíðju Jerry Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrverandi CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
- 22.00 Mary and Rhoda Mary og Rhoda voru aðalpersónurnar í gamanþáttaröðinni The Mary Tyler Moore Show sem tröllreið öllu í bandarísku sjónvarpi á áttunda áratugnum. Nú hittast þær á ný þremur áratugum síðar og komast að því að tímamir hafa svo sannarlega breyst.
- 23.25 Totally Frank
- 23.50 The Starlet (1:6)
- 00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

- 20.00 Mörður Mörður Árnason skoðar pólitíska landslagið eins og honum einum er lagið.
- 20.30 Randver Gestir Randvers Þorlákssonar eru áhrifavaldar í íslensku lista- og menningarlífi.
- 21.00 Mér finnst Ólína Þorvarðardóttir, Silja Aðalsteinsdóttir ritstjóri og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur setja orð á sín sjónarmið.

DR 1

- 11.35 Aftenshowet 12.25 Mød partierne 12.30 Aftenshowet 2. del 12.50 Ha' det godt 13.20 Politiskolen 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Flemmings Helte 15.15 SKUM TV 15.30 Pucca 15.35 That's So Raven 16.00 Junior 16.30 Skæg med tal 16.50 Katjakaj og BenteBent 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Hvad er det værd 19.00 Et hul i himlen 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 Mød partierne 21.15 SportNyt 21.25 Kriminalkommissær Barnaby 23.05 Onsdags Lotto 23.10 OBS 23.15 Lær - på livet løs 23.45 Flemmings Helte

NRK1

- 11.00 NRK nyheter 11.15 Velferd fra vugge til grav 11.45 Standpunkt 12.30 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin 13.00 Urter 13.20 Presidenten 14.00 Baby Looney Tunes 14.25 Thomas P. 14.50 Romnautene 15.05 Romnautene 15.15 Kid Paddle 15.30 Fabrikken 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Norsk for nybegynnere 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Nysgjerrige Nils 17.15 Karlson på taket 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Forbrukerinspektøren 18.55 Dyrisk 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Vikinglotto 20.45 House 21.30 Migrapolis 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Lydverket 22.55 50 menn på 10 uker 23.40 Carnivale 0.35 Du skal høre mye jukeboks 2.00 Dansefot jukeboks

SVT 1

- 11.05 Doobidoo 12.35 Matiné: Mälaren på Moulin Rouge 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Packat & klart 16.30 Krokodill 17.00 BolíBompa 17.10 Schimpansen Manda 17.15 Konstapel Abel 17.30 Hjämkontoret 17.55 Tändsticksfeber 18.00 Bobster 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Stäupp 20.25 Centralskolan 20.30 Grotesco 21.00 Studio 60 on the Sunset Strip 21.45 The Newsroom 22.10 Rapport 22.20 Kulturnyheterna 22.30 Isprinsessan

MIDVIKUDAGAR ER FISKDAGAR

Breyttu lífi þínu til hins betra og settu þér þá reglu að borða ávallt fiskrétti á miðvikudögum.
Alla miðvikudaga er tilboð á ljúffengum fiskrétti í verslunum Fiskisögu.

Tilboð dagsins er
"STEINBÍTUR Í KÓKOS-KARRÝSÓSU"
aðeins 990 krónur kílóíð.

Fiskisaga

ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholt - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Büðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi



TÍU FINGUR

Menningar- og/eða lífsstílsþáttur ársins

ÚTSVAR

Skemmtiþáttur ársins

ÚT OG SUÐUR

Frétta- og/eða viðtalsþáttur ársins

GETTU BETUR

Skemmtiþáttur ársins



SJÓNVARPIÐ

TILNEFNINGAR TIL EDDUVERÐLAUNA

Í fararbroddi í íslenskri dagskrárgerð



ÚTSVAR

Skemmtiþáttur ársins

07/08

Menningar- og/eða lífsstílsþáttur ársins

KILJAN

Menningar- og/eða lífsstílsþáttur ársins

ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR

Sjónvarpsmaður ársins

ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSÓN

Sjónvarpsmaður ársins

EGILL HELGASON

Sjónvarpsmaður ársins

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



visir.is
Fyrstur með fréttirnar

www.toyota.is



BAKPANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttir

Að sigra 101

Fólk af landsbyggðinni er mikið skemmtilegra en það sem kemur úr bænum. Þessi fullyrðing hrökk upp úr samstarfsmanni mínum í hádegishléi fyrir skemmstu. Við matarborðið sátu Þingeyingur, Austfirðingur, Borgfirðingur, Vestfirðingur og Landeyingur eða „dreifarar“ eins og slíkur hópur er oft kallaður einu nafni. Þykir mér það reyndar algerlega fátíðlegt að til sé samheiti yfir fólk frá svo ólíkum stöðum og alveg öruggt merki um að landafræðikennslu hafi farið hnignandi í grunnskólum. Þótt sjálf hafi ég reyndar ekki byrjað að gera skarpan greinarmun á Reykjavík, Garðabæ og Seltjarnarnesi fyrr en um aldamótin, enda um samvaxið fyrirbrigði að ræða.

VIÐ fulltrúar landsbyggðarinnar kinkuðum kolli við athugasemdinni og teygðu mjólk til að ná að kyngja mótuneytismatnum. Við fullryrtum öll að við værum hreinlega miklu áhugaverðara fólk heldur en það sem hefði alið manninn á höfuðborgarsvæðinu. Þóttu mér þessar staðhæfingar hverju orði sannari og hunsaði algerlega þá staðreynd að sambýlismaður minn og sonur tilheyrðu þeim hópi fólks sem við sögðum óáhugavert og þröngsýnt.

ÞAÐ var eins og flóðgáttir brystu í þessu matartíma. Áralöng gremja sem við höfðum alið í brjósti okkar frá því við komum í bæinn sem unglingar til að sækja okkur æðri menntun var færð í orð. Við minntumst þess tíma með sársauka þegar við neyddumst til að læra að þvo af okkur langt fyrir aldur fram, leituðum að húsnæði meðal okrandi borgarbúa og lifðum á núðlusúpu veturlangt á meðan barnalegt liðið af höfuðborgarsvæðinu vældi um að fá bíl foreldra sinna lánaðan svo það þyrfti ekki ganga í skólann.

ÁÐUR en matartímanum lauk höfðum við róast og jafnvel orðin reiðubúin að viðurkenna að til væri gott fólk af höfuðborgarsvæðinu. Þar að auki gæti eitthvað verið til í því að sumt fólk utan af landi væri svolítið hallærislegt. Ég minntist orða fyrrum bekkjarbróður míns, sem nú er fasteignasali, sem eitt sinn tjáði mér að einkenni sveitavarga væri að vilja einungis kaupa íbúðir í 101. Allt kúl vantaði hreinlega í önnur númer, sem notuð eru til að auðvelda flokkun á pósti. Þetta væri fólk sem mótað hefði sjálfsmynd sína og skilning í gegnum íslenskar kvikmyndir þar sem flestir leikstjórar þeirra virðast sannfærðir um að í sveitum og smábæjum landsins vilji fólk bara stunda sífjaspell og drekkja ólyfjan. Mestu miðbæjarrottarnar eru líklega oft á tíðum sveitalubbar á flóttu undan sjálfum sér en staðráðnir í að sigra Kaffibarinn.



Ég er tilbúinn fyrir veturinn



ÍSLENSKA SALIS TOYOTA 10/07

Auris Dísil - Með vetrarpakka

Ég vil finna fyrir öryggi þegar ég keyri bílinn minn. Auris er einn öruggasti bíllinn í sínum flokki samkvæmt árekstrarprófum. Bæði fyrir ökumann og farþega.

Ég ber mikla umhyggju fyrir umhverfinu. Toyota D-4D dísilvélin leysir mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensínvélar. Hún er hljóðlát en jafnframt aflmikil. Vélin eyðir litlu sem engu. 5 lítrum á hundraðið.

Auris Dísil kemur undirbúinn fyrir veturinn frá umboðinu. Hann kemur á hágæða vetrardekkjum og að sjálfsgöðu fylgja sumardekkinn með í skottinu.

Þessi hlutir skipta mig máli. Hvað með þig?




Verð frá 2.030.000 kr.*

*Verð miðast við Auris Dísil Terra

TODAY TOMORROW **TOYOTA**




GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 7. nóvember, 311. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 9.29	13.11	16.53
Akureyri 9.25	12.56	16.26

Heimild: Almanak Háskólans

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070
--	--	---	---	---

